



Ársskýrsla og reikningar 2010

UMSK



87. ársþing
10. febrúar 2011

Efnisyfirlit

Dagská 87. ársþings	4
Fulltrúar á 87. ársþingi	5
Ávarp formanns	6
86. ársþing UMSK	7
Stjórn UMSK 2010	8
Aðildarfélög UMSK	9
Fjöldi aðildarféлага og iðkenda.....	11
Skólalaup UMSK	16
Meistaramót UMSK í sundi	17
Fréttir frá UMF.....	18
Fréttir frá ÍSÍ	20
Getraunir	22
Reglugerð afreksmannasjóðs.....	23
Skýrslur félaga	24
Lög UMSK.....	39
Héraðsmet í frjálsum.....	41
Heiðursviðurkenningar	43
Reikningar 2010	46



Skýrslan

Skýrsla 2010, lögð fram á 87. ársþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni í febrúar 2011.

Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Pétur Hrafn Sigurðsson

Valdimar Gunnarsson

Jón Kristján Sigurðsson

Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir: Úr safni UMSK og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

Dagskrá 87. ársþings UMSK

Haldið í Versölum Kópavogi

fimmtudaginn 10. febrúar 2011 kl. 18:00

Kl.18:00 Þingsetning

Kosning fyrsta og annars þingforseta
Kosning fyrsta og annars þingritara
Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar lögð fram
Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Ávörp gesta

Álit kjörbréfanefndar
Staðfesting á aðild nýrra félaga
Umræður um skýrslu stjórnar
Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd
Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram
Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram
Aðrar tillögur lagðar fram
Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem
nefndir ákveða að taka fyrir
Afgreiðsla á álitum nefnda

Önnur mál

Kosningar, kjörnefnd skilar álitum

- Kosning formanns
- Kosning tveggja stjórnarmanna
- Kosning þriggja manna í varastjórn
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
- Kosning til Íþróttáþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttáþing er haldið

Þingslit.

Aðildarfélög UMSK 2010

fjöldi félaga 16+/fjöldi fulltrúa á þing

Aðildarfélög:	Fjöldi félaga 16+	Fjöldi þingfulltrúa
Augnablik	62	1
Bandýfélag Kópavogs	43	1
Dansfélagið Hvönn	287	3
Dansíþróttafélag Kópavogs	553	6
Golfklúbbur Álftaness	119	1
Golfklúbbur Bakkakots	269	3
Golfklúbburinn Kjölur	591	6
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	601	6
Golfklúbburinn Oddur	1257	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1409	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	4496	9
Hestaíþróttafélagið Hörður	557	6
Hestamannafélagið Adam	34	1
Hestamannafélagið Andvari	375	4
Hestamannafélagið Gustur	392	4
Hestamannafélagið Sóti	105	1
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	36	1
Hvíti riddarinn	30	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	135	1
Íþróttafélagið Gáski	39	1
Íþróttafélagið Gerpla	4211	9
Íþróttafélagið Glóð	156	2
Íþróttafélagið Gróttu	1176	9
Júðófélag Garðabæjar	19	0
Keilufélagið Keila	6	1
Siglingafélagið Sigurfari	0	1
Siglingafélagið Ýmir	255	3
Skotfélag Kópavogs	154	2
Skyldingafélag Seltjarnarness	25	1
Tennisfélag Kópavogs	520	5
Umf. Álftaness	530	5
Umf. Breiðablik	6211	9
Umf. Stjarnan	2620	9
Ungmennafélagið Afturelding	3119	9
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	150	1
Knattspyrnufélag Garðabæjar	28	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	15	1
Tennisfélag Garðabæjar	92	1
Stálúlfur	56	0
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	26	1
	30759	144

Ávarp formanns



Ágætu þingfulltrúar.

*Velkomin á 87. ársþing
Ungmennasambands Kjalarnesþings.*

UMSK telur nú um 45.800 félagsmenn í 38 virkum aðildarfélögum. Þar af eru 6 fjölgreinafélög með 38 deildir þannig að þetta telur 76 einingar. Innan aðildarfélaganna eru skráðir 21.400 iðkendur í 26 íþróttagreinum auk almenningsíþróttar.

Þrátt fyrir samdráttartíma þá blómstra íþróttahreyfingin. Iðkendum á UMSK svæðinu fer fjölgaandi, fjölbreytnin eykst, aldurinn fer hækkandi og fleiri félög eru stofnuð.

Þeir sem setið hafa fleiri en eitt UMSK þing hafa spurt hvers vegna formaðurinn staglast alltaf á "stærðinni" í upphafi ávarps. Ég vil því taka fram að þetta snýst ekki um að stærðin skipti máli heldur er ég fyrst og fremst að tryggja að þessum upplýsingum sé haldið til hags. UMSK er að verða 90 ára og það líður að söguritun. Hvort sem við ákveðum að skrifa söguna við þau tímamót eða á 100 ára afmælinu eftir 12 ár, þá teljum við nauðsynlegt að skipa fljótlega ritnefnd og hefja gagnasöfnun. Fyrir þinginu liggur tillaga um að hefja verkid, enda ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Ég gerði að umtalsefni á síðasta þingi nauðsyn þess að félögin héldu fjárframlögum sínum frá sveitarfélögunum þrátt fyrir kreppu ástand. Því miður þá fóru við ekki varhlut af niðurskurðinum. En það fer af stað ný fjárhagsáætlunargerð hjá sveitarfélögunum í haust og þá verðum við að vera á varðbergi og halda fast í okkar hlut. Hvort sem félögin gera það hvert í sínu lagi eða við sem ein stór heild.

En það er fleira á döfinni hjá sveitarfélögunum og á ég þá við hugmyndir að breytingum á skipulagi. Aðalskipulagi, deiliskipulagi og svo frv. Í bæjarkerfinu verða slíkar hugmyndir að tillögum sem síðan eru kynnta og settar í umsagnarferli til ákveðinna aðila. Við þurfum að komast á blað sem umsagnaraðilar þegar skipulagsvinna er í gangi. Verðum að fylgjast með og vera á varðbergi. Tryggja að sjónarmið fulltrúa íþróttaiðkennda komist á framferi áður en það er of seint. Við erum þessir fulltrúar. Hokin afreynslu um hverskonar aðbúnaður, mannvirki, tæki og tól henta starfinu.

Við höldum þingið hér í Versölum, glæsilegum húskynnum fimleikafélagsins Gerplu í Kópavogi. Þessi staðsetning varð fyrir valinu til að heiðra félag sem vann frækna sigra á Evrópumeistaramóti á síðasta ári. Jafnframt gefst okkur tækifæri til að sjá þá fráberu aðstöðu sem sveitarfélagið býður fimleikaiðkendum upp á. Aðstöðu sem hefur gert félaginu kleyft að blómstra og ná árangri.

Ágætu félagar.

Horfum til framtíðar og gerum góða til íþróttaiðkunar, eitt af forgangsatriðum í skipulagi sveitarfélaganna.

Ég vil að lokum þakka stjórn og framkvæmdastjóra góð störf og aðildarfélögunum fyrir gott samstarf. Og vona að við eigum öll gott íþróttarár framundan.

Valdimar Leó Friðriksson



86. ársþing UMSK

86. ársþing UMSK var haldið í Kirkjulundi, Garðabæ 25. febrúar 2010 kl. 18.00
Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, setti þingið og flutti setningarávarp.
Páll Hilmarsson var kjörinn þingforseti og Pálína Hinriksdóttir þingritari.

Valdimari Leó Friðriksson formaður fékk orðið og flutti hann skýrslu stjórnar.

Í ávarpi sínu lagði Valdimar áherslu á breytta tíma í kjölfari kreppunnar og að íþróttahreyfingin yrði að aðlaga sig að þessum breyttu aðstæðum og eyða ekki um efnifram. Mikilvægt að forsvarsmenn félaga haldi sveitastjórnarmönnum upplýstum um rekstur og umfang starfseminnar. Valdimar hvatti félögin til að standa vörð um Lottóið sem hefur verið „mjólkurkúr“ hreyfingarinnar en hópar í þjóðfélaginu hafa verið að heimta hlutdeild í því.

Gjaldkeri sambandsins, Albert H.N. Valdimarsson, fór yfir reikningana en hagnaður af rekstri þess var um 1.928.437 kr.

Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ: Þakkar góða skýrslu og gott samstarf ÍSÍ og UMSK. Kom inná hvað íþróttastarfið er mikilvægt í þjóðfélaginu og að passa þurfi að styrkir til íþróttahreyfingarinnar minnki ekki, sérstaklega til barna og unglingastarfs. Ólafur veitti viðurkenningu frá ÍSÍ til Ingibjargar Hinriksdóttur og Jóhannesar Sveinbjörnssonar.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ: Flytur kveðju frá stjórn UMFÍ. Þakkar fyrir góða skýrslu.

Staðfesting á aðild nýrra félaga

Tvö félög sóttu um aðild að sambandinu og staðfesti þingið inngöngu þeirra. Félögin eru: Ísbjörninn í Kópavogi og Tennisfélag Garðabæjar

Heiðursviðurkenningar

Dansbikar UMSK
Rakel Ýr Högnadóttir og Birkir Örn Karlsson
Fimleikabikar UMSK
Íris Mist Magnúsdóttir Gerpla
Frjálsíþróttabikar UMSK
Kári Steinn Karlsson Breiðablik
Sundbikar UMSK
Guðlaug Edda Hannesdóttir Breiðablik
Skíðabikar UMSK
Markús Már Jóhannsson Breiðablik
Afrensbikar UMSK
Arnar Grétarson Breiðablik
UMFÍ – bikarinn
Meistaraflokkur kvenna í blaki HK

Viðurkenningar til sjálfboðaliða

Starfsmerki UMSK
Svala Vignisdóttir Stjarnan
María Grétarsdóttir Stjarnan
Guðný Svanfríður Stefánsdóttir Stjarnan
Hörður S. Hrafnald Stjarnan
Eggert Eggertsson NK
Silfurmerki UMSK
Ingibjörg B. Jóhannesdóttir
Félagsmálaskjöldur UMSK
Sigurjón Sigurðsson HK

Skipun í nefndir

Eftirfarandi nefndir voru skipaðar:
Fjárhagsnefnd, Íþróttanefnd og Alsherjarnefnd.

Þingfulltrúar skiptu sér í nefndir þar sem fjallað var um tillögur sem lágu fyrir. Arnþór Sigurðsson, Jón Pálsson og Ásta Garðarsdóttir stýrðu nefndunum og fylgdu eftir því sem fjallað var um.

Kosning:

Kosning formanns.
Valdimar Leó Friðriksson (Afturelding)

Kosning tveggja stjórnarmanna.
**Ester Jónsdóttir (Breiðablik) og
Albert H.N. Valdimarsson (HK).**

Kosning þriggja manna í varastjórn.
**Svanur M. Gestsson (Afturelding),
Halldór Valdimarsson (HK) og
Alda Kolbrún Helgadóttir (Breiðablik).**

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Kristján Sveinbjörnsson (UMF Álftanes) og Hafsteinn Pálsson (Afturelding).
Til vara: Logi Kristjánsson.

Ester Jónsdóttir tók til máls fyrir hönd stjórnar UMSK og þakkaði Stjórnunni móttökurnar og þingfulltrúum fyrir komuna.

Þingi slitið.

Úr sögu UMSK

1. Lítið er vitað um fyrstu 10 ár sambandsins þar sem engar fundargerðir eru til frá þeim árum. Margt hefur þó komið í ljós um starfsemi UMSK á þessum árum m.a. í fundarbókum Aftureldingar, Drengs og Velvakanda sem og Skínfaxa frá þessum tíma, einnig hafa fundist bréf hjá Umf. Dreng frá stjórn UMSK sem skrifuð voru fyrstu þrjú ár sambandsins.

Stjórn UMSK

Stjórnin hélt 9 formlega fundi milli þinga.



Formaður
Valdimar Leó Friðriksson
Aftureldingu



Varaformaður
Ester Jónsdóttir
Breiðabliki



Gjaldkeri
Albert H.N. Valdimarsson
HK



Meðstjórnandi
Margrét Björnsdóttir
Ými



Meðstjórnandi
Einar Jóhannsson
NK



Varastjórn
Svanur M. Gestsson
Aftureldingu



Alda Kolbrún Helgadóttir
Breiðabliki



Halldór Valdimarsson
HK



Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri sambandsins
er **Valdimar Smári Gunnarsson.**

Skrifstofan

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík og er opin alla daga frá 9:00 -16:00.

Aðildarfélög UMSK 2010



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Jón Pálsson
Formenn deilda:
Badmintondeild: Ingvar Stefánsson
Blakdeild: Guðrún Kristín Einarisdóttir
Fimleikadeild: Eva Magnúsdóttir
Frjálsíþróttadeild: Hlynur Guðmundsson
Handknattleiksdeild: Elín Reynisdóttir
Karatedeild: Andrea M. Jónsdóttir
Knattspyrnudeild: Hallur Birgisson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Erlendur Fjelsted
Körfuknattleiksdeild: Jóhanna Hjörleifsdóttir
Sunddeild: Ragnar Stefánsson



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álftanes
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Gísli Pálsson
Formenn deilda:
Blakdeild: Þorgerður Kristinsdóttir
Knattspyrnudeild: Stefán Ari Guðmundsson
Körfuknattleiksdeild: Stefán Arinbjarnarson
Tennisdeild: Luigi Bartolozzi



Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Orri Hlöðversson
Formenn deilda:
Kraftlyftingadeild: Knútur Einarsson
Frjálsíþróttadeild: Arnþór Sigurðsson
Karatedeild: Indriði Jónsson
Knattspyrnudeild: Einar K. Jónsson
Körfuknattleiksdeild: Guðmundur G. Sigurbergsson
Skíðadeild: Heiður Hjaltadóttir
Sunddeild: Ingólfur Hjörleifsson
Taekwondodeild: Dagný Erla Gunnarsdóttir



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Jón Finnbogason



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Snorri Olsen
Formenn deilda:
Almenningsíþróttadeild: Herborg Þorgeirsdóttir
Blakdeild: Svala Vignisdóttir
Fimleikadeild: Sigrún Dan Róbertsdóttir
Handknattleiksdeild: Baldur Ó. Svavarsson
Knattspyrnudeild: Almar Guðmundsson
Körfuknattleiksdeild: Gunnar Kristinn Sigurðsson
Sunddeild: Hannes Árnason



Gróttta www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttta, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Gunnar Gíslason
Formenn deilda:
Fimleikadeild: Ásta Sigvaldadóttir
Handknattleiksdeild: Eiríkur Elís Þorláksson
Knattspyrnudeild: Hilmar Steinar Sigurðsson



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson
Formenn deilda:
Blakdeild: Ingibjörg Gunnarsdóttir
Borðtennisdeild: Magnús Bollason
Handknattleiksdeild: Alexander Arnarson
Knattspyrnudeild: Ómar Geir Þorgeirsson
Körfuknattleiksdeild: Ómar Geir Þorgeirsson
Dans: Ólafur Már Hreinsson



Ýmir www.isisport.is/felog/ymir
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Birgir Ari Hilmarsson



Kjölur www.gkj.is
Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Gunnar Páll Pálsson



Gáski
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon



GKG www.gkg.is
Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 17. apríl 1986
Formaður: Guðmundur Oddsson



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Guðjón Magnússon



Gustur www.gustarar.is
Hestamannafélagið Gustur, Kópavogi
Félagið stofnað: 11. nóvember 1965
Formaður: Hermann Vilmundarson



SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Arnfinnur Jónsson



Andvari www.andvari.is
Hestamannafélagið Andvari, Garðabæ
Félagið stofnað: 5. apríl 1965
Formaður: Ingibjörg G. Geirsdóttir



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Valdimar Viðar Tómasson



GOB www.golf.is/gob
Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal
Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Gunnar Ingi Björnsnsson



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Ingi Þór Hermannsson



Sóti
Hestamannafélagið Sóti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Steinunn Guðbjörnsdóttir



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Eggert Eggertsson



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Guðjón M. Sveinsson



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ólöf Ásta Faresveit



KFK
Keilufélagið Keila
Félagið stofnað: 1. febrúar 2004
Formaður: Ásgrímur Helgi Einarsson



Riddarinn www.riddarinn.is
Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Hanna Símonardóttir



Skyllm. Seltj.n.
Skyllingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Helgi Njálsson



ÍGK
Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Sigríður Bjarnadóttir



GÁ
Golfklúbbur Álftaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Steindór Grétarsson



Hjólamenn www.hjolamenn.is
Hjólreiðafélagið Hjólamenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Gunnlaugur Jónasson



Motomos www.motomos.is
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Guðni Friðgeirsson

Bandýfélag Kópavogs
Félagið stofnað: 30. október 2007
Formaður: Bryngeir Arnar Bryngeirsson

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason

Tennisfélag Garðabæjar
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Heimir Þorsteinsson



Knattspyrnufélag Garðabæjar
Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson



Hestamannafélagið Adam
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður Pétur Blöndal Gíslason



Ísbjörninn
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson

Staðfesting á aðild eftirfarandi félaga
verður tekin fyrir á þinginu:

Stálúlfur
Félagið stofnað: 10. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas

Judófélag Garðabæjar
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Haukur Hafsteinsson



Fjöldi félaga og iðkenda í aðildarfélögum UMSK 2010

Félög:	Félagar			Iðkendur		
	Alls undir 16	Alls yfir 16	Alls	Alls undir 16	Alls yfir 16	Alls
Augnablik	0	62	62	0	38	38
Bandyfélag Kópavogs - Óvirkt	0	43	43	0	43	43
Dansfélagið Hvönn	236	287	523	147	104	251
Dansípróttafélag Kópavogs	423	553	976	183	191	374
Golfklúbbur Álftaness	16	119	135	16	119	135
Golfklúbbur Bakkakots	34	269	303	34	269	303
Golfklúbburinn Kjölur	77	591	668	77	556	633
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	44	601	645	44	601	645
Golfklúbburinn Oddur	48	1257	1305	48	1211	1259
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	201	1409	1610	201	1409	1610
Handknattleiksfélag Kópavogs	1786	4496	6282	1128	442	1570
Hestaípróttafélagið Hörður	190	557	747	189	557	746
Hestamannafélagið Adam	9	34	43	9	26	35
Hestamannafélagið Andvari	188	375	563	185	371	556
Hestamannafélagið Gustur	129	392	521	127	392	519
Hestamannafélagið Sóti	61	105	166	53	86	139
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	0	36	36	0	36	36
Hvíti riddarinn	0	30	30	0	29	29
Ípróttafélag aldraðra Kópavogi	0	135	135	0	92	92
Ípróttafélagið Gáski	0	39	39	0	35	35
Ípróttafélagið Gerpla	4120	4211	8331	1625	336	1961
Ípróttafélagið Glóð	0	156	156	0	274	274
Ípróttafélagið Grötta	865	1176	2041	1079	625	1704
Keilufélagið Keila	2	6	8	2	5	7
Knattspyrnufélag Garðabæjar	0	28	28	0	28	28
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	0	0	0	0	0	0
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	0	15	15	0	15	15
Siglingafélagið Sigurfari	0	0	0	0	0	0
Siglingafélagið Ýmir	15	255	270	13	245	258
Skotfélag Kópavogs	0	154	154	0	119	119
Skyldingafélag Seltjarnarness	18	25	43	18	21	39
Tennisfélag Garðabæjar	24	92	116	24	92	116
Tennisfélag Kópavogs	161	520	681	161	520	681
Umf. Álftaness281	530	811	277	62	339	
Umf.Breiðablik	3043	6211	9254	2344	681	3025
Umf. Stjarnan 1768	2620	4388	1624	489	2113	
Umf. Afturelding	1411	3119	4530	1274	234	1508
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	40	150	190	30	135	165
Samtals	15190	30658	45848	10912	10488	21400



Fjöldi iðkenda pr.íþróttagrein innan UMSK

Íþróttagrein:	2008	2009	2010	Breyting milli ára
Bandý	0	40	43	+7,5
Blak	368	409	451	+10,2
Badminton	47	74	62	-16,2
Borðtennis	75	79	40	-49,3
Dans	724	700	865	+23,6
Frjálsar íþróttir	260	290	273	- 5,8
Fimleikar	2640	2290	2874	+25,5
Golf	4575	4985	4585	- 8,0
Hjólreiðar	36	36	36	0
Handknattleikur	1908	2066	1980	- 4,2
Íþróttir fatlaðra	37	35	35	0
Íþróttir aldraðra	692	684	974	+42,4
Karate	281	252	336	+33,3
Körfuknattleikur	826	975	1138	+16,7
Keila	29	32	7	-78,1
Kraftlyftingar	0	27	77	+185,2
Knattspyrna	3122	3086	3720	+20,5
Hestaíþróttir	2095	1884	1995	+5,9
Motorsport	107	155	165	+6,4
Siglingar	230	232	239	+3,0
Skíði	153	153	101	-33,9
Skylmingar	20	39	39	0
Sund	54	103	316	+206,8
Skotfimi	118	119	119	0
Taekwondo	38	45	82	+82,2
Tennis	685	677	848	+25,2
Samtals	19.120	19.467	21.400	

Heildarfjöldi iðkenda og félaga 2005–2010:

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi iðkenda :	15972	17.611	18.724	19.435	19.728	21.400
Fjöldi félagsmanna	29972	31.262	34.724	38.098	42.129	45.848



Unglingalandsmót UMFÍ

13. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi 29.júlí–1.ágúst 2010. Mótshaldari var Ungmennasamband Borgarfjarðar. Um eitt þúsund og sjö hundruð keppendur mættu til leiks á þetta fjölmennasta mót frá upphafi. Keppt var í tíu íþróttagreinum og vegna fjölda keppenda þurfti að lengja mótið um einn dag og hefja leik á fimmtudegi. Áætlaður fjöldi gesta var á bilinu tíu til tólf þúsund. Keppnisaðstaða var öll hin besta í Borgarnesi og eins aðstaða fyrir afþreyingu og önnur verkefni og ekki skemmdri veðrið fyrir en sól og 20 stiga hiti var alla helgina.

Setningarathöfn mótsins fór fram á íþróttavellinum á föstudagskvöldið þar sem mennta- og

menningarmálaráðherra ávarpaði keppendur og gesti. Tjaldsvæði mótsins var norðan við Borgarnes og í nokkurri fjarlægð við aðalkeppnisvæðin en rútur gengu reglulega á milli tjaldsvæðis og keppnisvalla.

Þátttaka UMSK í Unglingalandsmótum er alltaf að aukast en um 260 þátttakendur frá sambandinu voru skráðir til leiks. Fjölskyldur eru farnar að mæta ár eftir ár með börnum sínum og mótið því orðið að stórrí fjölskylduhátíð og var tjaldsvæði mótsins þéttskipað að vanda. Næsta Unglingalandsmót verður haldið um verslunarmannahelgina 2011 á Egilsstöðum.



Forvarnardagurinn 2010

Forvarnardagurinn 2010 var haldinn í grunnskólum landsins 3. nóvember. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands og Actavis í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Aðildarfélag samtakanna sem að verkefninu standa senda fulltrúa í skólana á þessum degi til að kynna starfssemi félaganna.

Dagurinn var kynntur á blaðamannafundi í Foldaskóla að viðstöddum Forseta Íslands, Borgarstjóra, fulltrúum íþrótt- og æskulýðsfélaga ásamt nemendum úr 9. bekk. Við sama tækifæri voru kynntar niðurstöður rannsókna um vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna þar sem fram kemur að hún er með því lægsta sem gerist í í Evrópu.

Á Forvarnardaginn er dagskrá og verkefnavinna í öllum 9. bekkjum grunnskóla landsins, þar sem ungmenni koma sjálf með hugmyndir að því hvaða leiðir eru bestar til að fresta áfengisdrykkju.

Forvarnardagurinn er helgaður þremur megin-skilaboðum sem byggð eru á niðurstöðum íslenskra rannsókna.

Samvera

Unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líkleg til að hefja neyslu fíkniefna.

Íþróttir og æskulýðsstarf

Ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf falla mun síður fyrir fíkniefnum.

Fresta áfengisdrykkju

Því lengur sem ungmenni fresta að hefja áfengisdrykkju, því mun ólíklegra er að þau verði fíkniefnum að bráð.

Úr sögu UMSK

2. Þann 19. nóvember 1922 var Ungmennasamband Kjalarnesþings stofnað. Félagin sem stóðu að stofnunni voru Umf. Drengur í Kjós, Umf. Afturelding í Mosfellsbæ, Umf. Reykjavíkur og Umf. Miðnesbrepps, seinna þann veturinn mun Umf. Akraness hafa gengið í sambandið.



Formannafundur UMSK

Formannafundur UMSK var haldinn í haust í hinni nýju glæsilegu félagsaðstöðu Siglingaklúbbssins Ýmis í Kópavogi. Því miður var þátttaka ekki eins góð og vænta mátti þar sem félögin höfðu óskað eftir því að þessi fundur yrði endurvakinn.



37. sambandsráðsfundur UMFÍ 2010

37. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Hótel Héraði Egilsstöðum 16. október 2010

Formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún sagði m.a. að starf hreyfingarinnar hefði verið fjölbætt og öflugt þrátt fyrir efnahagshrunið og sagði einnig frá þeim fjárhagslega skaða sem UMFÍ hefði orðið fyrir er VBS fjárfestingarbanki varð gjaldþrota. Ljóst væri að verulegir fjármunir vegna sölu þjónustumiðstöðvarinnar að Fells múla 26 myndu tapast þar sem tryggingar bankans myndu ekki halda. Allt hefði verið gert til að



3.Árið 1925 var Umf. Velvakandi stofnað í Reykjavík og gekk þegar í sambandið en þá hafði Umf. Reykjavíkur verið leyst upp. Árið 1926 segir Umf. Miðnesinga sig úr sambandinu og sögur fara ekki af Umf. Akraness hjá UMSK eftir árið 1930.

tryggja hagsmuni hreyfingarinnar og kannað yrði hvort þeir einstaklingar sem véluðu með fjármuni hreyfingarinnar bæru skaðabótakyldu. Hún sagði frá öflugu starfi sambandsaðila þrátt fyrir að erfiðara væri að sækja styrki til styrktaraðila. Enn væri til staðar innan hreyfingarinnar kraftur, dugnaður og samstaða. Helga sagði frá húsnæðis-málum hreyfingarinnar. Ekkert hefði orðið af byggingu nýrra höfuðstöðva UMFÍ að Tryggvagötu 13 í Reykjavík. Ekki lægi enn ljóst fyrir hvort lóðinni yrði úthlutað til UMFÍ. Í ljósi aðstæðna hefði stjórn ákveðið að kaupa húsnæði í Sigtúni 42 til að tryggja hagsmuni samtakanna í bráð. Valdimar Leó Friðriksson formaður og Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri voru fulltrúar UMSK á fundinum.



Fjölskyldan á fjallið

UMSK tók þátt í verkefninu fjölskyldan á fjallið. Fjall UMSK var Úlfarsfell og var farið með póstkassa þar upp í vor með gestabók. Greinilegt er að mikil umferð er þar af gangandi fólki því gestabókinn var þéttskrifuð eftir sumarið.



Félagsmálanámskeið

UMSK stóð fyrir félagsmálanámskeið í Kópavogi í haust í samvinnu við UMFÍ. Áætlað er að halda eitt námskeið í hverju bæjarfélagi á sambandssvæðinu í vetur og verða þau námskeið auglýst fljótlega. Námskeiðin eru félögunum og þátttakendum að kostnaðarlausu.



Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 19. Nóvember í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Framvæmdastjórn og starfsfólk ÍSÍ kynntu þar helstu verkefni og áherslur í starfi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og niðurstöður reikninga ÍSÍ fyrir árið 2009 voru kynntar. Farið var í gegnum tölfraði úr starfsskýslum 2009 auk þess sem starf vinnuhópa um innra og ytra skipulag ÍSÍ var kynnt.



Ágæt mæting var á fundinn og góður andi ríkti á fundinum. Formaður UMSK Valdimar Leó Friðriksson sótti fundinn fyrir hönd UMSK. Fyrir um daginn hittust fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga á fundi þar sem ýmis sameiginleg mál voru rædd.



Línudansmót UMSK 2010

Fyrsta línudansmót UMSK fyrir 50 plús var haldið í Mosfellsbæ í mars. Um eitthundrað og tuttugu manns tóku þátt í mótinu í níu hópum. Keppendur komu frá Kópavogi, Garðabæ, Akranesi, Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Selfossi. Mikil og almenn ánægja var með mótið sem tókst frábærlega vel og voru bæði keppendur og áhorfendur sammála um að þetta mót yrði að halda árlega. Keppnin var hörð og hóparnir sýndu glæsilega dansa en svo fór að lokum að Kátir félagar frá Akranesi unnu, Klasapíur, einnig frá Akranesi, í öðru sæti og Glóð 1 frá Kópavogi var í því þriðja.



Afreksmannasjóður UMSK

Á síðasta ársþingi UMSK í Garðabæ voru samþykktar breytingar á reglugerð fyrir Afreksmannasjóðinn. Helstu breytingar voru að nú er úthlutað úr sjóðnum þrisvar sinnum á ári og að kosin er sérstök stjórn fyrir sjóðinn. Sjóðsstjórnin samanstendur af fjórum einstaklingum sem kosnir eru á ársþingi auk fimm stjórnmanna sem skipaður er af stjórn UMSK. Í sjóðsstjórn sitja nú eftirfarandi: Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Ásta Garðarsdóttir Stjörnnunni, Andri Sigfússon Gróttu, Elín Reynisdóttir Aftureldingu og Guðmundur Jónsson tilnefndur af stjórn.



Nefnd um íþróttir 50 plús

Á síðasta þingi UMSK var samþykkt að stofna nefnd um eflingu íþróttar 50 plús. Nefndin var fljótlega skipuð og í henni sitja Sigrún Dan Róbertsdóttir Stjörnnunni, Lórens Rafn Glóð og Halldór Valdimarsson HK. Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK hefur einnig setið fundi nefndarinnar. Nefndin hefur fundað reglulega og meðal annars kynnt sér hvernig uppbyggingu þesara mála er háttað í Danmörku. Margt í hugmyndum Dana er hægt að yfirfæra á starfið hér heima og nýta til uppbyggingar á þessum mála-flokki. Nefndin er tilbúin að koma í heimsókn til þeirra félaga sem þess óska til að ræða um hvernig hægt er að efla starfið fyrir þennan aldurshóp.

Úr sögu UMSK

4. Árið 1927 skrifaði stjórn UMSK öllum félögum U.M.FÍ bréf og óskaði eftir þátttöku þeirra í sjálfboðaliðastarfi á Þingvöllum til undibúnings undir Alþingishátíðina sem haldin yrði þar árið 1930. Þessu var vel tekið og komu félagar frá UMFÍ þá aðallega frá Suðurlandi og Vesturlandi og lögðu fram ókeypís vinnu vorin 1928 og 1929.



Skólahlaup UMSK 2010

Skólahlaup UMSK var haldið á Kópavogsvelli föstudaginn 15. október. Mikil aukning hefur verið á þátttöku í hlaupinu síðustu ár og þrátt fyrir að bekkjum hafi verið fækkað í ár þá hlupu um 600 nemendur í 4.-7. bekk frá sex skólum á sambands-svæðinu. Veittur er bikar fyrir hlutfallslega mestu þátttöku og var það Lindaskóli sem hlaut bikarinn en 172 nemendur tóku þátt sem er 82% af nemendum í þessum bekkjum.

Eftirfarandi keppendur lentu í 1.-3. sæti:

7. bekkur stelpur

- | | |
|---------------------------------|------------|
| 1 Faney Lilja Harðardóttir | Lindaskóli |
| 2 Lára K. Pálsdóttir | Smáraskóli |
| 3 Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir | Salaskóli |

7. bekkur strákar

- | | |
|--------------------------|----------------|
| 1 Arnór Breki Áspórssón | Lágafellsskóli |
| 2 Alfons Samsted | Smáraskóli |
| 3 Magnús Orri Sigþórssón | Lindaskóla |

6. bekkur stelpur

- | | |
|----------------------------|---------------|
| 1 Agla María Albertsdóttir | Kópavogsskóli |
| 2 Briet Guðmundsdóttir | Salaskóli |
| 3 Júlía Hrafnisdóttir | Flataskóli |

6. bekkur strákar

- | | |
|-------------------------|----------------|
| 1 Magnús Andri Ólafsson | Flataskóli |
| 2 Björgvin Heiðar | Lágafellsskóli |
| 3 Hörður M. Ásmundsson | Lindaskóli |

5. bekkur stelpur

- | | |
|-----------------------------|---------------|
| 1 Sólveig Jóhannesdótti | Kópavogsskóli |
| 2 Daniela Dögg Guðnadóttir | Lindaskóli |
| 3 Birta Hlín Sigurðardóttir | Lindaskóli |

5. bekkur strákar

- | | |
|-------------------------|------------|
| 1 Arnór Guðjónssen | Lindaskóli |
| 2 Ívar Fannar Arnarsson | Lindaskóli |
| 3 Viktor Örn Gunnarsson | Lindaskóli |

4. bekkur stelpur

- | | |
|-------------------------------|---------------|
| 1 Sólveig Rúna Þórarinsdóttir | Lindaskóli |
| 2 Elín Kolfinna Árnadóttir | Lindaskóli |
| 3 Ólöf Arna Ólafsdóttir | Kópavogsskóli |

4. bekkur strákar

- | | |
|----------------------------|------------|
| 1 Freyr Gíslason | Lindaskóla |
| 2 Ísak Jón Einarsson | Lindaskóli |
| 3 Jón Steinar Benediktsson | Lindaskóli |





Meistaramót UMSK í sundi 2010

Meistaramóti UMSK í sundi var haldið 27. -28. nóvember í Sundlaug Kópavogs. Þrjú félag innan UMSK tóku þátt í mótinu en það voru Breiðablik, Afturelding og Stjarnan.

Keppt var í aldursskiptum greinum (12 ára og yngri og 13 ára og eldri) og í opnum flokki í 200 og 400 m greinum.

Sú breyting var gerð á mótinu að þessu sinni að Garpar tóku þátt í því, í 50 og 200 m skriðsund karla og kvenna.

Verðlaun og farandbikarar

Verðlaun voru veitt fyrir 1. - 3. sæti í einstaklings- og boðsundum; aldursskipt.

Farandbikarar voru veittir í eftirfarandi flokkum, reiknaðir út frá FINA stigum (stigagjöf Alþjóða sundsambandsins):

- Stigahæsta sund karla og kvenna 15 ára og eldri.
- Stigahæsta sund drengja og telpna 13 til 14 ára.
- Stigahæsta sund sveina og meyja 12 ára og yngri.

Sérstakur bikar var veittur fyrir mesta bætingu milli ára á Meistaramóti UMSK, hjá strákum og stelpum - eingöngu er miðað við tíma frá Meistaramóti UMSK.

	Tími	FINA stig
15 ára og eldri		
Guðlaug Edda Hannesdóttir, Breiðablik, 100 m skriðsund	1:04.59	527
Hilmar Smári Jónsson, Breiðablik, 200 m skriðsund	2:07.16	518
13 til 14 ára		
Líney Ragna Ólafsdóttir, Breiðablik, 100 m skriðsund	1:08.72	438
Ingimar Logi Guðlaugsson, Breiðablik, 200 m skriðsund	2:07.18	518
12 ára og yngri		
Rebekka Þurý Pétursdóttir, Breiðablik, 100 m skriðsund	1:13.83	353
Davíð Fannar Ragnarsson, Breiðablik, 100 m skriðsund	1:12.15	259
Bestu bætingar milli UMSK móta	Tími	Bæting
Kristján Jónasson, Afturelding, 400 m skriðsund	5:44.09	-32,56 sek.
Fanney Aliisa Glan, Afturelding, 400 m skriðsund	5:51.03	-60,23 sek.



Fréttapunktur UMFÍ



Þjónustumiðstöð UMFÍ

Ungmennafélag Íslands flutti í nýjar höfuðstöðvar hreyfingarinnar í Sigtún 42 í febrúar 2010. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmiss þjónusta við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl.

Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Skrifstofa Evrópu unga fólksins er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ í Sigtúni 42.

Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn var haldinn í fjórða sinn 3. nóvember 2010 í grunnskólum um land allt. Eins og áður er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining í Háskólanum í Reykjavík, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og með stuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis.

Prastaskógur

Prastaskógarnefnd hélt fund seinni partinn í apríl 2010 þar sem m.a. var rætt um hlutverk skógarins. Nefndin var sammála um að nýta ætti skógin frekar sem útivistarsvæði en tjaldstæði.

Samráðsfundur í Borgarnesi

Samráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldin í Borgarnesi 8. maí 2010. Fundurinn var vel sóttur en yfir 50 fulltrúar sambandsaðila sátu samráðsfundinn.

Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í annað sinn á Laugum í Dalasýslu dagana 7.-9. apríl sl. Um 50 þátttakendur voru á ráðstefnunni.

37. sambandsráðsfundur UMFÍ á Egilsstöðum

37. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Egilsstöðum 16. október 2010. Á fundinum var lögð fram vegleg ársskýrsla þar sem gat að líta yfirlit yfir hið fjölbreytta starf sem unnið er innan hreyfingarinnar. Þó nokkrar umræður urðu um reikninga UMFÍ. Um 40 fulltrúar hér- aðssambanda sóttu fundinn.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2010 voru afhent á 37. Sambandsráðsfundi UMFÍ á Egilsstöðum 16. október. Verðlaunin féllu í skaut Ungmennasambands Eyjarfjarðar, UMSE, fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótt- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

Meistaradeild UMFÍ

Ungmennafélag Íslands og Landssamband hestamanna stóðu saman að meistaradeild UMFÍ í hestaíþróttum annað árið í röð. Þrjú mót voru haldin og fóru þau öll fram í Rangárhöllinni við Hellu. Ungmenna- og tómskundabúðirnar á Laugum Ungmenna- og tómskundabúðirnar að Laugum eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Búðirnar hafa verið starfræktar frá árinu 2005. Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan en nokkur breyting varð á 2009 í kjölfar efnahagshrunsins. Nemendum fjölgaði umtalsvert 2010 og skráningar í vetur eru mjög góðar.

Skinfaxi

Eins og undanfarin ár verða tölublöðin fjögur á þessu ári. Blaðið fór í góða dreifingu á síðasta ári en allir grunn- og framhaldsskólar landsins fengu blaðið. Stærsta blaðið 2010 var að mestu helgað 13. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fór í Borgarnesi Ný og uppfærð heimasíða var tekin í notkun í byrjun árs 2010. Heimsóknnum hefur fjölgað jafnt og þétt.

Úr sögu UMSK

5.Í kringum 1930 vaknar áhugi fyrir þjóddönsum hér á landi og sjúndu um 70 börn á vegum Umf. Velvakanda í Reykjavík þjóddansa á Alþingishátíðinni sama ár. Var starfandi þjóddansa flokkur á vegum UMSK í nokkur á eftir það og sýndi víða sunnan- og vestanlands.

Lýðháskólar

UMFÍ er í samstarfi við sjö íþróttalýðháskóla í Danmörku og styrkir árlega íslenska nemendur til náms í skólunum. UMFÍ styrktinendur sem komu víðsvegar af landinu.

ISCA

Stjórnarfundur ISCA fór fram í Reykjavík 21. Ágúst. ISCA eru samtök um almenningssíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. Þá var aðalfundur ISCA haldinn í Frankfurt 22. október.

NSU

UMFÍ er aðili að NSU sem stendur fyrir Nordisk samorganisasjon for Ungdomsarbeide. Á aðalfundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn í maí 2010 var Anna Möller endurkjörin formaður samtakanna. Auk hennar eru í stjórn Björg Jakobsdóttir og Jörgen Nilsen fyrir hönd UMFÍ. Ungmennavika NSU var haldin í Sydslesvig dagana 18.–25. júlí 2010 og þar átti UMFÍ sex fulltrúa ásamt fararstjóra Jörgen Nilsen.

VNU

VNU stendur fyrir Vest Nordisk Ungdomsforum og er samstarfsvettvangur þriggja samtaka í þremur löndum, UMFÍ á Íslandi, Sorlak á Grænlandi og FUR í Færeyjum.

13. Unglingalandsmót UMFÍ

13. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi 29. júlí–1. ágúst 2010.

Um eitt þúsund og sjö hundruð keppendur mættu til leiks á þetta fjölmennasta mót frá upphafi. Keppt var í tíu íþróttagreinum og þurfti að hefja leik á fimmtudegi. Áætlaður fjöldi gesta var á bilinu tíu til tólf þúsund. Mótahaldið gekk afar vel fyrir sig og veðrið lék við mótsgesti. HSP var útnefnt fyrirmyndarfélagið að þessu sinni.

Umhverfismál

Ómar Ragnarsson fékk umhverfisverðlaun UMFÍ og Pokasjóðs og voru þau afhent í júlí 2010 við Nauthól í Nauthólsvík.

Ganga.is

Stöðugt er verið að bæta inn gönguleiðum og fréttum inn á vefsíðuna ganga.is. Í vor var unnið að nýju skráningarkerfi fyrir verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! Á vefsíðunni geta einstaklingar, fyrirtæki og hópar skráð inn þá hreyfingu sem þeir hafa stundað og þannig haldið utan um hreyfinguna sína í sérstöku hreyfingardagatali.

Göngubók

Í byrjun sumars kom út bókin Göngum um Ísland. Bókin er 128 blaðsíður með 278 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið og 24 fjöllum sem eru í boði í verkefninu Fjölskyldan á fjallið.

Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem unnið er með sambandsaðilum UMFÍ. Sambandsaðilarnir tilnefna eitt fjall eða fleiri á sínu svæði sem auðvelt

er fyrir alla fjölskylduna að ganga á. Upp á öllum fjöllum er að finna gestabók í merktum póstkassa.

Hættu að hanga! Komdu að, hjóla, synda eða ganga!

Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! hófst með fjölskyldudegi UMFÍ þann 5. júní 2010 að Miðfelli í Hrunamannahreppi. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að stund heilbrigða hreyfingu sem og að ýta undir auknar samverustundir fjölskyldunnar.

Helgi á göngu

Helgi á göngu er verkefni til minningar um göngu-forkólfinn og ungmennafélagann Helga Magnús Arngrímsson.

Grunnskólaganga UMFÍ

Grunnskólaganga UMFÍ var hluti af verkefni Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga. Markmið göngudagsins er að vekja grunnskólabörn til umhugsunar um mikilvægi hreyfingar og gera þau meðvitaðri um þær gönguleiðir sem eru í nágrenni skólans og í sveitarfélaginu.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í þriðja sinn í sumar og var fyrirkomulag skólans með sama sniði og verið hefur síðustu ár. Í sumar var skólinn haldinn á fimm stöðum á landinu í umsjá HSP á Laugum í Reykjadal, UMSB í Borgarnesi, UÍA Egilsstöðum, HSK á Laugarvatni, UMSS á Sauðárkróki.

FÁÍA

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur staðið fyrir fjölda námskeiða og móta fyrir eldri ungmennafélaga. Komið hefur verið upp góðri aðstöðu fyrir starfsemi þeirra í nýjum höfuðstöðvum UMFÍ og er hún til mikils sóma.

Ungmennaráð

Starfið hefur verið öflugt hjá ungmennaráði UMFÍ undanfarið. Haft var samband við forvarnarráð framhaldsskólanna og aðra tengiliði og héldum vímulausa helgi fyrir fólk á framhaldsskóla aldri þar sem að allir gátu komið og haft það gott saman. Einnig átti ungmennaráðið virkan þátt í skipulagningu ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Laugum á Sælingsdal.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið hreyfingarinnar. Lögð er áhersla á að hafa í boði námskeið sem gagnast félagsmönnum. Megináhersla hefur verið lögð á námskeiðið Síndu hvað í þér býr.

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, fundarsköpum. Almenn ánægja er með námskeiðin og þykja þau bæði lærdómsrík og skemmtileg.

Fréttapunktur frá ÍSÍ



Íþróttaping ÍSÍ 2011

70. Íþróttaping ÍSÍ verður haldið að Gullhömrum í Grafarholti, dagana 8. og 9. apríl næstkomandi.

100 ára afmæli ÍSÍ árið 2012

Árið 2012 verða liðin 100 ár frá stofnun Íþróttasambands Íslands en sambandið var stofnað þann 28. janúar 1912 í tengslum við þátttöku í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi.

Unnið er að Afmælisriti ÍSÍ sem gefið verður út í tengslum við afmælið en einnig er að störfum Afmælisnefnd ÍSÍ sem undirbýr fjölbreytta dagskrá viðburða.

Ólympíudagurinn 2010

Íþrótt- og Ólympíusambandið ásamt Ólympíufjölskyldu ÍSÍ héldu upp á alþjóðlega Ólympíudaginn þann 23. júní 2010 með því að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir unga sem aldna, í samvinnu við íþróttafélög í borginni.

Um 2000 þúsund manns tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá. Hægt var að reyna sig í ýmsum íþróttaprautum víðs vegar um Reykjavík, svo sem hafnabolta, skylmingum, júdó, hjólaskíðum, sundknattleik o.fl. Dagskránni lauk með Miðnæturlaupinu þar sem um 1400 manns tóku þátt.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Í byrjun febrúar 2011 verður úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða sem farnar voru á fyrirfram skilgreind mót á árinu 2010.

Ferðasjóði íþróttafélaga er úthlutað 54 m.kr. á fjárlögum 2011 en framlag til sjóðsins var skert um 3 m.kr., líkt og síðasta ár.

Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríð-

arlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemi ÍSÍ.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Markmiðið með samningnum er að aðstoða sérsambönd ÍSÍ til að efla og útbreiða viðkomandi íþróttgreinar á Íslandi og koma fram erlendis fyrir þeirra hönd.

Upphæð styrksins var 40 milljónir á árinu 2007, 60 milljónir á árinu 2008 og 70 milljónir árið 2009. Framlag ríkisins til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2010 var 63,7 og framlag til sérsambanda fyrir árið 2011 er á Fjárlögum Alþingis 61,8 m.kr.

Heimasíða ÍSÍ

Á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is, er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni. Sambandsaðilar eru hvattir til að heimsækja síðuna og kynna sér það sem þar er í boði.

ÍSí-fréttir

Í janúar 2011 hóf ÍSí rafræna útgáfu á fréttabréfinu ÍSí-fréttum, sem kom út reglulega í pappírformi hér áður fyrr. Stefnt er að mánaðarlegri útgáfu.

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ heldur vel utan um tölfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir.

Nýlega voru kynntar hagnýtar nýjungar í Felix, sem sambandsaðilar eru hvattir til að kynna sér betur á www.felix.is.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar á landsvísu. Á síðustu haustönn var 2. stig einnig keyrt í fjarnámi og tókst vel til, en tæplega 40 nemendur útskrifuðust af námskeiðinu.

Verið er að vinna að gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Fyrirmyndarfélag ÍSí

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSí eru ríflega 100 talsins. Sér sambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Sú breyting hefur verið gerð að nú geta öll félög orðið Fyrirmyndarfélag ÍSí að uppfylltum kröfum ÍSí, óháð því hvort þau hafi barna- og unglingastarf á stefnuskrá sinni.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Nýtt fræðsluefni ÍSí

Tveir nýir fræðslubæklingar voru gefnir út á rafrænu formi á haustmánuðum 2010.

„Íþróttir – félagslega hliðin“ fjallar um hina mikilvægu félagslegu hlið íþróttastarfsins.

„Íþróttir – foreldrar og börn“ fjallar um mikilvægi foreldra/forráðamanna vegna þátttöku barna í íþróttum.

Að auki var „Viðbragðsáætlun ÍSí við óvæntum atburðum“ unnin upp úr viðbragðsáætlun ÍTR með góðfúslegu leyfi þeirra og heimfærð á íþróttahreyfinguna. Einnig var sett saman leiðbeinandi efni fyrir leiðtoga í íþróttahreyfingunni sem ber heitið „Áttavitinn“.

Allt ofangreint fræðsluefni er að finna á heimasíðu ÍSí.

Íþróttaslysásjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og

ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2011 sendir ÍSí þátttakendur í þrjú Ólympísk verkefni; Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon og Smáþjóðaleikana sem að þessu sinni verða haldnir í smáríkinu Liechtenstein.

Rúmt ár er í Ólympíuleikana í London og er undirbúningur þegar hafinn. ÍSí stefnir að metnaðarfullri þátttöku í leikunum.

Úthlutun styrkja

Á árinu 2010 úthlutaði Afrekssjóður 50 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úhlutaði 12 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSí úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir

Gríðarleg þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSí og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er hvatningarkerfi sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði. Í ár stendur það átak yfir 2.-22. febrúar.

„Hjólað í vinnuna“ stendur yfir í þrjár vikur, tímabilið 4.-24. maí nk.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSí fer fram óvenju snemma í ár eða 4. júní.

Lyfjamál

150 sýni voru tekin á árinu 2010, þar af 93 sýni eða 62% í keppni. Lyfjapróf voru tekin í 20 íþróttgreinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSí stendur fyrir námskeiðum og fjölbreytilegri fræðslu í tengslum við málaflökkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSí

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSí fyrir starfsárið 2010 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSí vegna skila á starfsskýrslum.



Úr sögu UMSK

6. Margt bendir til þess að fyrstu 10 ár sambandsins hafi verið mjög viðburðarík og bæði stjórnin og félögin mjög virk. Félögin störfuðu þó ekki öll á sama sviði. Umf. Afturelding og Umf. Drengur stundugu mikil íþróttir og báðu íþróttakeppni á hverju sumri við góðar undirtektir. Umf. Velvakandi starfði aftur á móti ekkert að íþróttum en hélt uppi mikilli félags- og fundarstarfsemi og stóð fyrir ferðalögum á sumrin og telja má að þetta sé eitt fyrsta ferðafélagið í Reykjavík.



Getraunir – stuðningur í kreppu

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Allur hagnaður af rekstri getrauna rennur til íþróttafélaga og héraðssambanda og skiptir upphæðin tugum milljóna á hverju ári.

Útborgunarhlutfall í getraunum hefur verið hækkað úr 46% í 65% sem gerir það að verkum að vinningsupphæðin fyrir 13 rétta í enska boltanum hefur tvöfaldast og er nú yfir 70 milljónir. Enn fremur er tryggt að ef aðeins ein röð finnst með 13 réttum þá færir hún eiganda sínum 170 milljónir króna (jafnvirði 10 milljóna sænskra króna). Þessi breyting hefur aukið áhuga á getraunum.

Framlög Getrauna til íþróttafélaganna skiptast í áheiti sem er 10% af andvirði hvers miða sem keyptur er. Skilyrði er að tippari merki við getraunanúmer félagsins. Ef tippari merkir ekki við getraunanúmerið fær félagið engin áheiti í sinn hlut. Til viðbótar við 10% áheiti getur félagið fengið 16% sölulaun í sinn hlut selji það getraunir í gegn um sölukerfi getrauna og eru þá heildartekjur félags af sölunni orðnar 26%.

Það er því mikilvægt að félögin komi sínu getraunanúmeri á framfæri við íbúa sveitarfélagsins og stuðningsmenn félagsins þannig að þegar þessir aðilar kaupa getraunaseðilinn þá muni þeir getraunanúmerið. Þetta er einfalt að gera með því að fá skilti frá Getraunum í íþróttahúsið eða á íþróttavöllinn þar sem getraunanúmer félagsins kemur fram, setja inn lógó Getrauna með getraunanúmeri félagsins í allt útgefið efni á vegum félagsins og á heimasíðuna og biðja verslunareigendur sem hafa sölukassa að kynna getraunanúmer félagsins

með því að hengja upp plaköt með getraunanúmerinu. Með þessum einföldu aðgerðum sem kosta ekki mikla fyrirhöfn, geta félög aukið tekjur sínar af getraunum verulega. Slík tekjuaukning getur skipt verulega miklu máli í þeirri kreppu sem nú ríkir.

Starfsmenn Getrauna eru boðnir og búnir að aðstoða félög innan UMSK við að koma upp getraunastarfi og hjálpa til við að kynna getraunanúmer hvers og eins.

Með íþróttakveðju

Pétur Hrafn Sigurðsson
sölustjóri

Lottó úthlutunarreglur UMSK

- 15 % Renna til sambandsins
- 85 % Renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):
- 10 % Renna jafnt til félaga með unglingsstarf
- 20 % Er skipt samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélaginu miðað við íbúafjölda þess. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 40 % Er skipt samkvæmt félagatali innan UMSK. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 10 % Renna í Afreksmannasjóð UMSK
- 20 % Er skipt samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK

Úr sögu UMSK

7. Íþróttir voru ekki aðalmál-
ið hjá UMSK á fyrstu árum
þess en það breyttist hins vegar
þegar UMFÍ ákvað að halda
íþróttamót á Akureyri árið
1940 sem eingöngu var ætlað
ungmennafélögum, vegna her-
námsins var hætt við að halda
þetta fyrsta landsmót UMFÍ
á Akureyri og var það haldið í
Haukadal í Biskupstungum í
stadinn, þar bar UMSK sigur úr
bitum og segja má að upp frá því
hafi íþróttir verið aðalmál sam-
bandsins.



Reglugerð Afreksmannasjóðs UMSK

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Í fyrstu úthlutun skal úthluta 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun 1/3 af heildarsjóði plús afgangur úr fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun 1/3 af heildarsjóði plús afgangi frá annari úthlutun.

Sjóðsstjórn samanstendur af fjórum aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður skipaður af stjórn UMSK.

Sjóðurinn styrkir eftirfarandi:

1. Þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum.
2. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. (Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður í hópíþrótt hafi verið valinn í úrvalshóp, til þátttöku í lokakeppni ólympíu-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts. Íþróttamenn í einstaklingsgreinum skulu hafa náð þeim lágmarkum sem viðkomandi sérsamband setur fyrir þessi sömu mót). Stjórn er heimilt að út-

hluta úr sjóðnum til einstaklinga eða sérstakra verkefna.

3. Almennt skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
4. Umsóknir skulu undirritaðar af stjórn þess félags sem umsækjandi tilheyrir.
5. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.



Frá félögum



Afturelding



Starfsemi ungmennafélagsins Aftureldingar starfsárið 2010-2011.

Aðalfundur Aftureldingar árið 2009 var haldinn þann 25. mars 2010. Í stjórn þess eru Jón Pálsson formaður, Sævar Kristinnsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Helga Jóhannesdóttir, Ásmundur Pálsson og Guðjón Helgason, varamaður. Félagsmenn í Aftureldingu eru um 3500 og iðkendur um 1300 í 10 deildum. Nýtt starfsár hófst með fjöregu félagsstarfi í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Kvöldvökur höfðu verið virkur þáttur í félagsstarfinu allan veturinn, en þær voru endurvaktar á 100 ára afmæli félagsins 2009. Síðasta kvöldvaka vetrarins var stefnumót með frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninga og kynning á nýrri stefnumótun Aftureldingar, sem unnið hafði verið að síðustu tvö árin með hléum. Nú liggur fyrir útgefin vönduð skýrsla um stefnu og markmið Aftureldingar næstu árin og eru áherslurnar fjórþættar: Félagss Stefna, Uppeldisstefna, Afreksstefna og Lýðheilsustefna. Afturelding lítur á það sem sitt meginhlutverk að standa fyrir heilbrigðu lífi fyrir alla Mosfellinga frá vöggu til grafar í formi íþróttastarfs, félagsstarfs og virkri umræðu um hollustu og lýðheilsu.

Í framhaldi af nýsamþykktari stefnumótun félagsins hefur verið unnið að ýmsum verkefnum á starfsárinu. Samningur um Íþróttafjör fyrir fyrstu bekkigrunnskóla var endurnýjaður fyrir þetta starfsárog hefur verið útvíkkaður á fleiri tómsundagreinir undir nafninu tómsundafjör. Sportklúbbur Aftureldingar var starfræktur fyrir unglunga, sem gjarnan vilja hreyfa sig en hafa ekki áhuga á keppni. Í samstarfi við Framhaldsskóla Mosfellsbæjar og Mosfellsbæ var farið af stað með íþróttabraut, sem

bundnar eru miklar vonir við og fékk hún góðar móttökur á sínu fyrsta starfsári. Siðanefnd hefur verið sett á laggirnar og ritaðar siðareglur félagsins. Jafnframt hefur verið farið yfir jafnréttismál og verður jafnréttisstefna félagsins lögð fyrir næsta aðalfund til samþykktar. Á aðalfundi er jafnframt stefnt að því að taka í gagnið nýjan upplýsingavef sem verið hefur í vinnslu.

En þótt félagsstarfið í Aftureldingu hafi verið með miklum blóma á þessu fyrsta ári félagsins á annarri starfsöld þessþá fer sem fyrr mest fyrir íþróttastarfinu. Gróskumikið starf var í öllum deildum félagsins á árinu. Er staðan sú í dag að flestar deildir státa af íslandsmeisturum, deildarmeisturum, íslandsmetum og/eðalandsliðsfólki. Allar 10 deildir og aðalstjórn eru fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Félagið státar nú af því að eiga bæði Íþróttakarlar og Íþróttakonu Mosfellsbæjar 2010, sem kjörin voru nú í janúar, en þau Kristján Helgi Carrasco, karatemaður og Sigríður Þóra Birgisdóttir, knattspyrnukona hömpuðu þeim titlum og voru jafnframt íþróttakarlar og -kona Aftureldingar. Kristján var ennfremur kjörinn karatemaður ársins af Karatesambandinu. Nánar er fjallað um árangur einstakra deilda og einstaklinga í ársskýrslu félagsins og á heimasíðu þess, www.afturelding.is.

Á haustmánuðum hafa átt sér stað viðræður við Mosfellsbæ um endurnýjun samstarfssamninga, sem félagið hefur starfað eftir, en þeir runnu út um áramótin. Stefnt er að því að halda áfram á þeirri metnaðarfullu braut, sem síðasti samningur kvað á um, og er vilji til þess hjá sveitarfélaginu að fela Aftureldingu aukin verkefni á sviði lýðheilsu og íþróttastarfs fyrir alla aldursflokka. Niðurskurður í rekstri sveitarfélagsins hefur að sjálfsgöðu snert samninga við Aftureldingu eins og alla aðra þætti, sem skattfé bæjarbúa er varið í, en þó er niðurskurðurinn í íþróttastarfinu lágmarkaður og stefnt að því að félagið geti með auknum verkefnum á grundvelli nýs samnings styrkt tekjustofna sína og haldið þannig úti öflugum starfi í anda stefnumótunar félagsins og samstarfsyfirlýsingar, sem gerð var á aldarafmæli þess.

Jón Pálsson
Formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar



Breiðablik



Aðalfundur félagsins fyrir árið 2009 fór fram þann 19. maí og var hann haldinn í fundarsal Breiðabliks í Smára. Venuleg aðalfundarstörf.

Stjórnarmenn og formenn deilda mynda aðalstjórn. Á aðalfundi félagsins þann 19. maí 2010 voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn: Orri Hlökkversson, formaður, Hannes Strange, varaformaður, Sveinn Gíslason gjaldkeri, Heiðar Bergmann Heiðarsson, ritari, Sunna Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Ásgeir Baldurs meðstjórnandi, Ragnheiður Halldórsdóttir meðstjórnandi, Hannes Strange meðstjórnandi, Arnþór Sigurðsson, frjálsíþróttadeild, Guðmundur G. Sigurbergsson körfuknattleiksdeild, Indriði Jónsson, karatedeild, Einar Kristján Jónsson knattspyrnudeild, Heiður Hjaltadóttir, skíðadeild, Ingólfur Hjörleifsson, sunddeild, Knútur Einarsson Knudsen, kraftlyftingadeild

Helstu verkefni fyrir utan þróttmikla starfsemi alla daga allan ársins hring:

60 ára afmælisár

Breiðablik fagnaði 60 ára afmæli sínu árið 2010 og bar árið sterkan keim af þeim merka áfanga. Sérstök afmælisnefnd starfaði undir styrkri stjórn Sigurrósar Þorgrímsdóttur, fyrrverandi formanns aðalstjórnar, og skipulagði hún marga viðburði tengda afmælinu. Hápunktur afmælisársins var vel sótt stórdansleikur með mat og skemmtiatriðum sem haldinn var 13. febrúar.

Sambandsþing UMSK

Fulltrúar Breiðabliks fjölmenntu á 86. þing UMSK fór fram í Kirkjulundi í Garðabæ þann 25. febrúar síðastliðinn. Hlutu all-margir Blikar heiðursviðurkenningar á þinginu. Ester Jónsdóttir, Breiðabliki, var endurkjörin í stjórn UMSK.

Afreksskólinn

Í lok árs 2006 var settur á laggirnar Afreksskóli Breiðabliks. Markmið skólans er að bjóða efnilegustu iðkendum hvernar greinar fyrir sig upp á bestu mögulegar aðstæður til afreksæfinga. Í dag skiptir fjöldi nemenda við skólann mörgum tugum. Starfssemi skólans vel og er honum ekki síst þakkaður sá mikli árangur sem afreksmenn Breiðabliks hafa náð á unanförnum arum.

Taekwondo deild

Taekwondo deild var sett á laggirnar innan Breiðabliks um mitt ár 2010 og hófust skipulagðar æf-

ingar um haustið. Starfsemi deildarinnar fer vel af stað.

Siðareglur

Aðaldundur félagsins þann 19. maí staðfesti siðareglur sem unnar voru af aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn naut stuðnings UMSK við gerð siðareglanna. Siðareglurnar styrkja félagsstarfið og festa í sessi ákveðin vinnubrögð.

Útgáfa

Líkt og undangengin ár var gefið út sameiginlegt kynningarblað Breiðabliks sem kemur út í byrjun vetrarstarfs undir heitinu „Hvað get ég gert í vetur?“ Þá gaf knattspyrnudeild út veglegt ársrit að þessu sinni. Bæði ritin er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðabliks.

Áramótabrenna

Blikabrennan var glæsileg að vanda og flugeldasýningin stóð fyrir sínu, en hún er í höndum Hjálpararveitar skáta í Kópavogi. Mörg þúsund manns sækja brennuna á hverju ári.

Sýningar, kosningar og fundir

Áhugi er fyrir því að fá Smárann og/eða Fífuna leigða undir ýmisskonar viðburði eins og sýningar, kosningar og aðra fundi. Allmargir slíkir viðburðir voru haldnir í húsunum á rekstrarárinu.

Gott ár að baki.

Stór áfangi náðist hjá stærstu deild félagsins þegar meistaraflokkur karla fagnaði Íslandsmeistaratitli. Árangur annarra deilda var einnig mjög góður, ekki síst yngri iðkenda félagsins. Iðkendur innan Breiðabliks telja nú a þriðja þúsund og starfsemin í miklum blóma.



Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14

glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofu aðstöðu og var gengið frá þessu samkomulagi við Kópavogsbæ við hátiðlega athöfn í janúar 2009. Starfið sem hefur gengið vonum framár á árinu 2010. Aðalfundur var 7. júní 2010 og stjórn skipa, Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður, Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Salvör Kristín Héðinsdóttir. Gestafjálfarar hafa komið þrisvar á árinu frá Þýskalandi. Aðalþjálfari er Hildur Ýr Arnarsdóttir.

Úr sögu UMSK

8. Árið 1942 gengur Umf. Kjálnesinga í sambandið en það hafði verið starfrækt í nokkur ár. Sama ár hettir Umf. Velvákandi starfsemi og Umf. Reykjavíkur endurvakið og gengur þegar í UMSK en segir sig svo úr sambandinu árið 1945.



Andvari



Aðalfundur Andvara var haldinn í Félagsheimili Andvara 27. Nóvember 2010. Kosin var ný stjórn sem samanstendur af fimm konum og tveimur körlum. Nýr formaður félagsins er Ingibjörg G. Geirsdóttir, varaformaður er Guðjón Árnason, gjaldkeri er Geirþrúður Geirsdóttir, meðstjórnendur eru Hrafnhildur Pálsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson, varamenn eru Hulda Jóhannsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir. Félagsmenn eru tæplega 500 talsins.

Íþrótt- og hestamannafélagið Andvari er með mjög öflugt íþrótt og félagsstarf. Fastir liðir í starfi þess eru reiðnámskeið, en aukning hefur orðið í aðsókn að þeim. Námskeið sem haldin eru á hverju ári: Knapamerki númer 1, 2, 3, 4 og 5, keppnisnámskeið, pollanámskeið, barnanámskeið auk ýmissa fullorðinsnámskeiða. Á síðasta ári voru haldin fjölmörg mót hjá Andvara; þrennir vetrarleikar, firmamót, æskulýðsmót, meistaramót og þrígangsmót. Íþróttamót og gæðingamót sem jafnframt er úrtaka fyrir landsmót voru ekki haldið þetta árið vegna hestapestarinnar. Nefndir Andvara, sem allar eru mjög öflugar og virkar, standa fyrir fjölbreyttri dagskrá á hverju ári svo sem sameiginlegum reiðtúrum og skemmtunum ýmiskonar. Sjá nánari dagskrá á endurbættri heimasíðu félagsins www.andvari.is.

Fjölmörg mikilvæg verkefni eru á döfinni á komandi starfsári, sem dæmi má nefna: sameiningarviðræður við hestamannafélagið Gust, breikkun reiðvega, endurbætur á félagsaðstöðu Andvara og ýmis smærri verkefni.

Ingibjörg G. Geirsdóttir formaður Andvara.



Hvíta riddarinn



Rekstur Hvíta riddarans var á liðnu keppnistímabili, líkt og árin þar á undan. Í höndum knattspyrnu-deildar Aftureldingar. Eftir að lið Hvíta riddarans frá árinu þar á undan hafði farið nánast í heilu lagi yfir í Aftureldingu, var það fámennur hópur sem hélt uppi mætingasókn á undirbúningstímabilinu. Þegar að sjálfu keppnistímabilinu kom voru kallaðir til leikmenn 2. flokks Aftureldingar. En félögin senda sameiginlegt lið til keppni í 2. flokki, þannig að leikmenn 2. flokks sem skráðir eru í Hvíta riddarann eru gjaldgengir með bæði meistaraflokki Hvíta riddarans og 2. flokks saneiginlega liðsins. Það var á brattann að sækja allt sumarið, en menn höfðu gaman af og öðluðust dýrmæta reynslu, svo það bendir ekkert til annars en að reksturinn verði með svipuðu sniðu áfram. Þjálfari liðsins var John Henry Andrews. Formaður einn úr leikmannahópnum Kristján Sigurðsson "fógetinn".



Keilufélagið Keilan



Eina starfssemi KFK á liðandi ári var þátttaka knattspyrnuliðs félagsins í 3. deild riðli B. Þar endaði liðið í 3. sæti riðilsins og var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina. Á árinu gekk Kristinn Jakobsson FIFA dómari í KFK og mun dæma fyrir hönd félagsins. Það er félaginu mikill heiður að fá Kristinn í félagið.

Starfssemi keiludeildarinnar liggur niðri og ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort knattspyrnu-deild sendi lið til keppni í sumar.

Aðalfundur var haldin í maí 2010. Fundurinn var stuttur enda lítið að ræða þar sem starfssemi félagsins er í lágmarki. Ný stjórn var kosin og í henni sitja í dag:

Ásgrímur H. Einarsson formaður
Sirrý Hrönn Haraldsdóttir gjaldkeri
Birgir Grétar Haraldsson ritari

Á fundinum var samþykkt að halda félaginu gangandi og stefna á að senda bæði lið til keppni í keilu og knattspyrnu árið 2011. Það verður svo að koma í ljós þegar liður á árið hvort þessi áform verða að veruleika.

Úr sögu UMSK

9. Árið 1946 gerist UMSK aðili að ÍSÍ en þá eru aðeins 3 félög í UMSK, Umf. Drengur, Umf. Kjalnesinga og Umf. Afturelding.



Gerpla



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu fyrir árið 2009 var haldinn 8. júlí 2010 í húsaakynnum félagsins. Stjórn félagsins var endurkjörin en hún var skipuð eftirfarandi aðilum:

Jón Finnbogason, formaður stjórnar, Arnar Ólafsson, Baldur Jónsson, Gyða Þórdís Þórarinsdóttir, Karen Bjarnhéðinsdóttir, Laufey Nábye og Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir.

Á tímabilinu voru virkir iðkendur félagsins nærri 1500 talsins. Rúmlega 100 þjálfarar störfuðu hjá félaginu og komu að þjálfun. Á bilinu 300-400 iðkendur voru á biðlista. Starf félagsins hefur verið að festa sig í sessi á umliðnum árum. Samfella í starfi félagsins í fimleikakennslu allt frá byrjendum til lengra kominna einstaklinga í greininni sem og til þeirra sem stunda íþróttina sér til heilsuþóta hefur verið að mótast nokkuð þétt og nú er svo komið að félagið getur boðið upp á mjög fjölbreytta tíma þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þótt ótrúlegt megi virðast þá er Gerpla ennþá eina fimleikadeildin sem býður upp á æfingar fyrir fatlaða.

Starfstímabilið einkenndist af mjög umfangsmiklu starfi á öllum vígstöðvum. Þess ber að geta að 48 iðkendur tóku þátt á EUROGYM fimleikahátíð í Óðinsví í Danmörku í júlí mánuði, en alls voru um 4000 þátttakendur á hátíðinni. Þar tóku iðkendur þátt í vinnubúðum og héldu fimleikasýningu sem var mjög vel sótt. Hópurinn sýndi síðan á Galahátíð sem og á opunar- og lokahátíðinni. Ferðin fór vel fram og voru allir alsælir er heim var komið. Í sumar fór Gerplufólk einnig hringferð í kringum landið í kynningarskyni. Iðkendurnir sem stóðu að fimleikahringnum eru iðkendur í meistaraflokki karla og kvenna í hóp fimleikum. Þau héldu fimleikasýningar auk þess sem þau héldu vinnubúðir þar sem iðkendur fengu að kynna fimleikum. Þetta framtak er fyrsta sinnar tegundar í fimleikahreyfingunni hér á landi og vakti mikla lukku og athygli um land allt. Hringnum var síðan lokað í Gerplu þann 21. ágúst við góðar undirtektir við-

staddra. Síðast en ekki síst hélt félagið hin árlegu leikjanámskeið yfir sumartímamann og vorum ellefu námskeið í boði þar sem alls mættu um 500 börn. Gífurlega ánægja ríkti með námskeiðin líkt og áður en þau byggjast upp á fimleikum, útiveru og leikjum.

Árangur á árinu

Árangur iðkenda Gerplu á tímabilinu hefur verið hreint út sagt framúrskarandi. Fyrst ber að nefna að meistaraflokkur P1 varð Evrópumeistari í hóp fimleikum kvenna en keppnin fór fram í Malmö í Svíþjóð í októ-

ber mánuði. Þar sigruðu þær með yfirburðum. En það er ekki allt því Tinna Óðinsdóttir var krýndur Norðurlandameistari á slá í áhaldafimleikum kvenna og er það frábær árangur. Þess ber að geta að kvennalið Gerplu í áhaldafimleikum hafnaði í öðru sæti á Norðurlandamótinu auk þess sem Dóra Sigurbjörg Guðmundsdóttir lenti í öðru sæti á gólfi. Róbert Kristmannsson hafnaði í þriðja sæti á bogahesti á Norður-Evrópumóti í karlaflokki í haust og ekki hætti Gerplufólk að sigurgöngu sinni á erlendri grundu þar því sex stúlkur úr unglingsflokki P2 höfnuðu í þriðja sæti í unglingsflokki á Evrópumeistaramótinu í hóp fimleikum. Stór hluti meistaraflokks karla í hóp fimleikum lenti í fjórða sæti með karlalandsliði á þessu sama móti. Allir Íslandsmeistararitlar í meistaraflokkum í áhaldafimleikum kvenna og karla, sem og hóp fimleikum kvenna og karla var hampað af Gerplu. Félagið vann einnig alla Bikarmeistararitla sem í boði voru í meistaraflokki í bæði áhald- og hóp fimleikum. Upptalningin hér að ofan er því til staðfestingar að árangurinn hafi ekki látið á sér standa og að um sigursælasta tímabil félagsins sé að ræða frá stofnun þess. Núna undir árslok varð síðan Íris Mist Magnúsdóttir, iðkandi í meistaraflokki kvenna í hóp fimleikum, valin í þriðja sæti í kjöri Íþróttamaður ársins 2010 en auk þess var hún kjörin Íþróttakona Kópavogs og Fimleikakona ársins af Fimleikasambandi Íslands en þar á Gerpla einnig Fimleikamann ársins, Dýra Kristjánsson. Evrópumeistaralið kvenna var síðan valið Kona Ársins af Nýju Lífi sem er mikill heiður fyrir stúlkurnar

Vorsýning Gerplu hefur svo sannarlega farið vaxandi með hverju árinu og er að festa sig í sessi sem viðburður sem enginn lætur fram hjá sér að fara. Markmiðið með sýningunum er að sýna fjölbreytta fimleika á skemmtilegan hátt fyrir áhorfendur og setja þannig upp draumkenndan fimleikaheim. Það er skemmst frá því að segja að íþróttamiðstöðin Versalir var troðfull á öllum sýningum en iðkendum félagsins var skipt niður á þrjár sýningar. Lísu í Undralandi var heiti sýningarinnar, sem svo sannarlega sló í gegn, og var hún enda- og hápunkturinn á annars viðburðaríku og skemmtilegu starfsári félagsins.



Íþróttafélagið Glóð

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. jan. 2010 í Gjábakka Kópavogi.



Stjórn félagsins:

Lórens Rafn Kristvinsson, formaður.

Aðrir í stjórn eru :

Ásgerður Halldórsdóttir, Jóhanna Axelsdóttir, Sigurbjörn H. Ólafsson og Steinunn Ingimundardóttir
Varastjórn: Friðgeir Guðmundsson og Samúel Guðmundsson.

Formaður íþróttanefndar:

Margrét Bjarnadóttir.

Formaður fræðslunefndar:

Sigurbjörg Björgvinsdóttir.

Kennarar félagsins eru:

Ásta S. Gylfadóttir, Margrét Bjarnadóttir, Óli Geir Jóhannesson og Sigurlín Baldursdóttir.

Íþróttafélagið Glóð er stofnað 24. okt. 2004.

Kjörorð Glóðar er: Hreyfing – Fæðuval – Heilsa.

Árið 2010 var mjög viðburðaríkt og annasamt hjá Glóðarfélögum.

Sextán félagar úr hringdansahópnum tóku þátt í “Krafturinn knýr” í Borgarleikhúsinu 21. febr. Línudanshópur sýndi 17. febr. í Austurbergi. Tveir línudanshópar tóku þátt í línudanskeppni UMSK fyrir 50+ að Varmá Mosfellsbæ 27. mars og urðu hóparnir nr. 3 og 4.

Tvö lið í Boccía tóku þátt í keppni FÁÍA í Hagaskóla 17. apr.

Glóð sýndi leikfimidans á Íslandsmóti í hópímsleikum í Garðbæ.

Sextán félagar sýndu hringdansa á vígsluhátíð Boðans 30. apr. og félagar sáu um vöflubakstur og kaffiafgreiðslu þar dagana 30. apr. og 1. maí.

Einn hópur tók þátt í Íslandsmóti í línudönsum fyrir 50+ 1. maí og fékk fyrstu verðlaun.

Á Kópavogsdögum sýndi Glóð Ringó á menningarflötinni og var með stafgöngu á Hálsatorgi sama dag fyrir alla.

Ringó var kynnt á Íslandsmóti í blaki í Mosfellsbæ.

Á Jónsmessuhátíð í Árbæ dönsuðu 18 manns hringdansa og 24 dönsuðu línudans.

Námskeið í Pútti var haldið á púttvelliðum við Kópavogslæk sem endaði með móti og tóku tóku 14 manns þátt í því. Einnig var tekið þátt í púttmóti FÁÍA 3 sept.

Margir Glóðarfélagar tóku þátt í seniordönsum og kynningu á hjólastóla og göngu-grindardansi.

Fyrsta okt. fóru 30 Glóðarfélagar á Golden Age í Portímao í Portúgal.

Með í för voru 3 félagar úr Blik og 4 úr FEBAN. Sýndar voru 4 sýningar. Glóð var valin til að sýna á Gala-kvöldi mótsins.

Glóðarfélagar fóru í heimsókn í Blindraheimilið við Hamrahlíð og sýndu þar leikfimi, tvo dansa og stóladans og tók fólkið þátt í dansinum.

FEBAN bauð Glóðarfélögum í heimsókn og fóru 40 félagar, var það hin besta skemmtun.

Félagar frá DGU í Danmörku komu í heimsókn, var það ljúf heimsókn.

Formaður og ritari kynntu Glóð hjá félagi eldri borgara í Mosfellsbæ og upp úr þeirri heimsókn komu Mosfellingar í heimsókn í Ringó tíma.

Sex fræðslufundir á vegum fræðslunefndar voru á árinu og voru þeir vel sóttir.

Jólafundur félagsins var haldinn í Boðanum og var þar meðal annars lýst kjöri íþróttamanns Glóðar 2010. Kjörin var Dóra Hannesdóttir með yfirgnæfandi meirihluta greiddra atkvæða enda er hún fjölhæfur íþróttamaður.

Æfingaskrá Glóðar , vorönn 2011:

Ringó - mánudaga kl. 11,30 Smáranum og miðvikudaga kl. 14,40 í Kóðavogsskóla.

Línudans á þriðjudögum í Kópavogsskóla: Hópur 1 kl. 14,40. Hópur 2 kl. 16,10. Hópur 3 kl. 17,40 (byrjendur)

Hringdansar í Kópavogsskóla:

Fimmtudaga kl. 17,00 og föstudaga kl. 14,40 (byrjendur)

Boccia:

Gjábakki föstudaga kl. 13,00, Gullsmári þriðjudaga kl. 14,00

Boðinn fimmtudaga kl. 13,00

Gömguhópar frá:

Versölum miðvikud. kl.16,30 og Sundlaug Kópav. föstud. kl. 16,30

Fyrir hönd stjórnar Glóðar
Steinunn Ingimundardóttir, ritari



GOB



Aðalfundur GOB var haldinn mánu- dagskvöldið 13. desember. Félags- menn voru 39 á aðalfundi. Hagnaður af starfsemi GOB var 577 þúsund krónur sem er viðsnúningur frá árinu 2009 þar sem 4 milljóna króna tap var á rekstri klúbbsins. Lístu félagsmenn yfir ánægju sinni með þessa þróun og voru reikningar klúbbsins samþykktir.

Gunnar Ingi Björnsson var endurkjörinn formaður klúbbsins með öllum greiddum atkvæðum. Stjórn GOB starfsárið 2010-2011 skipa annars Kristinn Wium, Eyþór Ágúst Kristjánsson, Eiríkur Jónsson og Lýður Heiðar Gunnarsson. Lýður kemur nýr inn í stjórn klúbbsins í stað Antons Bjarnasonar sem nú stígur til hliðar eftir 8 ára veru í stjórn GOB sem formaður og gjaldkeri stjórnar. Hlaut Anton standandi lófaklapp fundarmanna fyrir störf sín í þágu GOB. Þá hlaut Þrúður Sigurðar,

sem nú lætur af störfum fyrir klúbbinn, einnig lófatak félagsmanna fyrir vel unnin störf síðustu fimm árin.

Farið var yfir starfsemi klúbbsins á árinu sem er að líða og fyrirspurnum félagsmanna svarað ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum. Samþykktar voru lækkanir á árgjöldum fyrir börn, ungmenni, eldri borgara og öryrkja en óbreytt árgjöld fyrir aðra félagsmenn.

Stjórn GOB

Gunnar Ingi Björnsson formaður, Kristinn Wium varaformaður, Lýður Heiðar Gunnarsson gjaldkeri, Eiríkur Jónsson ritari og Eyþór Ágúst Kristjánsson meðstjórnandi.

Starf klúbbsins var með hefðbundnu sniðu árið 2010. Karlasveit klúbbsins lék í 2. deild. Sveitin féll á milli deilda og mun því leika í 3. deild næsta sumar. Meistaramót klúbbsins var vel sótt og einnig var mikil ásókn félagsmanna í alla kennslu. Barna og unglingastarf klúbbsins gekk vel og stundudum um 30 börn og ungmenni æfingar hjá Einar Lyng golfkennara GOB.

Engar stórar framkvæmdir voru á árinu en þó var unnið við stækkun teiga ásamt því að ráðist var í færslu á trjám og hríslum.

GOB fagnar 20 ára afmæli sínu á árinu 2011. Marg verður gert til að fagna þessum áfanga. Meðal annars hefur stjórn klúbbsins ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á fría hópatíma undir stjórn golfkennara allt næsta sumar.



Stjarnan Garðabæ



Aðalfundur félagsins var haldin 24. mars 2010, og var hann vel sóttur. Fyrir fundinum lágu venjuleg aðalfundarstörf og var Lárus Blöndal kosinn fundarstjóri. Kynntar voru skýrslur stjórnar og deilda og reikningar lagðir fram. Í fundarhléi voru veittar viðurkenningar. Rekstur félagsins var í jafnvægi á árinu 2009.

Snorri Olsen var endurkjörinn formaður félagsins, aðrir í stjórn eru: Pálína Hinriksdóttir, Jóhann Steinar Ingimundarson, Þorsteinn Rafn Johnsen

og Þorsteinn Þorbergsson, úr stjórn gekk Valgeir Baldursson. Í varastjórn voru kjörin Sara Rut Unnarssdóttir og Elías Karl Guðmundsson.

Árið 2010 fagnaði félagið 50 ára afmæli sínu. Haldin var fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu Ásgarði af því tilefni á afmælisdegi félagsins 30. október. Með tilkomu nýrra mannvirkja vorið 2010 hefur orðið gífurleg aukning á iðkendafjölda, sérstaklega í fimleikadeild sem er nú næst stærst deilda. Fagnadarlæti leikmanna meistaraflokks karla í knattspyrnu vöktu heimsathygli sumarið 2010, erlendir fjölmiðlar flyktust til landsins til að ná myndum af þeim og viðtölum. Leikmönnum var einnig boðið nokkrum sinnum út til þátttöku í sjónvarps-útsendingum hjá stærstu sjónarpsstöðvum Evrópu og bandaríska íþróttastöðin ESPN heimsótti félagið og gerði 30 mín. heimildarþátt um drengina, en sá þáttur verður á dagskrá í febrúar 2011, hann verður í sýningu um öll Bandaríkin.


Félagið setti sér einnig síðareglur á árinu en þær verða kynntar öllum iðkendum og starfsmönnum þess. Starfsemi Umf. Stjórnunnar er í miklum blóma á 51.aldursári félagsins og stefnir í áframhaldandi aukningu iðkenda á þessu ári.

Úr sögu UMSK

10. Frá stofnum sambandsins til 1940 voru haldnir svo kallaðir samfundir einu sinni á ári með öllum félögum, þessir fundir voru haldnir á sumrin undir þeru lofti og ýmislegt haft til skemmtunar.



Gróttta

 Aðalfundur allra deilda Íþróttafélagsins Grótttu fóru fram miðvikudaginn 10.mars 2010. Nokkrar breytingar urðu auðvitað á stjórnarmönnum í deildum félagsins en engar stórar breytingar urðu að undanskyldum lagabreytingum hjá handknattleiksdeild. Lög félagsins eru aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.grottasport.is. Enn fremur kom félagið í heild sinni út í hagnaði og er það vel miðað við ástandið sem ríkti á reikningsárinu.

Í aðalstjórn félagsins sitja:

Formaður	Gunnar Gíslason
Varaformaður	Guðrún Kaldal
Gjaldkeri	Guðjón Norðfjörð
Ritari	Unnur Halldórsdóttir

auk formanna deilda félagsins

Formenn deilda:

Fimleikadeild	Ásta Sigvaldadóttir
Handknattleiksdeild	Eiríkur Elís Þorláksson

Knattspyrnudeild Hilmar Sigurðsson

Árangur deilda

Árið var mjög viðburðaríkt hjá Grótttu. Meistaraflokkur karla í handknattleik fell úr úrvaldsdeild og liðið komst í undanúrslit í bikarnum. Meistaraflokkur kvenna varð íslandsmeistari í 2.deild og spilar nú á meðal þeirra bestu í úrvaldsdeild. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu hélt sætinu sínu í 1.deild eftir mikla spennu. Yngri flokkar í handbolta og fótbolta stóðu sig vel sem endranær og má þess vegna búast við góðum meistaraflokkum innan nokkurra ára. 4.flokkarnir í handbolta urðu þrefaldir íslandsmeistarar í handbolta og 3.flokkur kvenna varð íslandsmeistari í 7-manna bolta í knattspyrnu. Fimleikadeildin stóð sig einnig vel en félagið er með innan sinna raða eina bestu fimleikakonu landslins, Dominqua Ölmú Belányi. Mikill vöxtur er innan deildinnar og er svo komið að deildin hefur sprengt aðstöðuna sína enda stærsta deild félagsins

Kjör íþróttamanns Grótttu

Í lok ársins var Íþróttamaður Grótttu valinn og í þetta sitt var það fimleikastelpa Dominqua Alma Belányi. Enn fremur var valinn í annað skipti

íþróttamaður æskunnar og var það Ólafur Ægir Ólafsson sem fékk þá viðurkenninguna. Við sama tækifæri var það fólki sem hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins verðlaunað.

Landsliðsfólk í Grótttu

Á árinu voru 24 einstaklingar úr Grótttu valdir í yngri landslið karla í handknattleik. Í knattspyrnu voru einstaklingarnir 12 talsins og í fimleikum áttu við hana Dominó sem keppti á Evrópumótinu, Norður-Evrópumótinu og Heimsmeistaramótinu. Það má með sanni segja að framtíðin sé björt í Grótttu.

Endurnýjun á aðalstyrktaraðila

Í maí-mánuði var samningur við aðalstyrktaraðila félagsins, Íslandsbanka, endurnýjaður. Með þeim samningi heldur Íslandsbanki áfram að vera aðalstyrktaraðili félagsins. Gróttta er mjög ánæggt með samstarfið og þann stuðning sem Íslandsbanki veitir félaginu með þessum samningi. Samningurinn er til tveggja ára og er góður grundvöllur fyrir það öflugna starf sem er unnið innan Grótttu. Einkar ánægjulegt er að sjá að bankinn hafi áfram hag af því að styðja félagið.



Ísbjörninn



Aðalfundur var haldinn 20.mars 2010. Á honum voru rædd hefðbunin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Kristinn Elíasson sagði af sér sem framkvæmdarstjóri og Denis

Grbic var kosinn í staðinn.

Árshátíð félagsins var haldin um miðjan september í miðbæ Reykjavíkur og þar voru veitt verðlaun til leikmanna sem kosin voru af félagsmönnum.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á árinu; ÍR-Open, Visa-bikarnum og Utandeildinni.

Félagið fékk styrk á árinu frá Eymundsson til kaupa á nýjum treyjum.

Félagið stundaði æfingar að meðaltali 2 sinnum í viku yfir keppnistímabil áður nefndra móta.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri: Sigurður Rúnar Birgisson

Ritari: Ívar Örn Arnarsson

Kveðja Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Handknattleiksfélag Kópavogs



Aðalfundur HK fyrir starfsárið 2009 var haldin 19 mars 2009 í veislu Fagralundar. Hefðbundin aðalfundarstörf. Helstu niðurstöður reksturs starfsársins voru að félagið skilaði hagnaði og er skuldlaust.

Eftirfarandi skipa Aðalstjórn:

Sigurjón Sigurðsson, formaður
Magnús Gíslason, varaformaður
Ómar Geir Þorbjörnsson, gjaldkeri
Kristinn Gunnarsson, ritari
Einar Sigurðsson, fulltrúi félaga og stjórnari
Einar Tómasson, varamaður
Finnur Kristinsson, varamaður

Eftirfarandi eru formenn deilda:

Alexander Arnarson, handknattleiksdeild.
Trausti Jónsson, barna- unglingaráð handknattleik.
Ómar Þorbjörnsson, knattspyrndeild.
Baldur Már Bragason, barna- unglingaráð knattspyrnu.
Ingibjörg Gunnarsdóttir, blakdeild.
Halldór Elvarsson, barna- og unglingaráð blak
Magnús Bollason, borðtennisdeild.
Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir, taekwondo deild.
Hafsteinn Þór Einarsson, bandýdeild.

Á árinu var félagið 40 ára en það var stofnað 26 janúar 1970 af 12 hressum strákum í Kársnesskóla sem vildu stunda handknattleik. Nú 40 árum síðar er HK eitt af fimm stærstu íþróttafélögum landsins. Haldið var upp á afmælisdaginn með mikilli



íþróttahátíð og formlegri móttöku í Fagralundi laugadaginn 23 janúar. Um kvöldið var afmælis- og árhátíð félagsins haldin í Digranesi.

Félagið hóf samstarf við Mentor á árinu. Mentor er heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir alla sem starfa með börnum í skólum og tómstundastarfi. HK er fyrsta íþróttafélagið sem hefur markvissa notkun á Mentor. Mentor hefur verið nýtt af grunnskólunum í fjölda ára, flestir foreldrar þekkja kerfið og sjáum við notkun þess sem mikla framför í þjónustu við foreldra og iðkendur.

Hafin var vinna við Íþróttastefnu HK. Capacent var fengið til að gera frum úttekt á stefnumótunar vinnu félagsins. Áætlanir gera ráð fyrir að fyrstu drög að íþróttastefnu félagsins verði liggja fyrir á vor mánuðum 2011.

Stofnuð var Bandý deild í ágúst með inngöngu Bandýfélags Kópavogs í HK. Bandý er ein fjölmennasta íþróttagrein á Norðurlöndum. Bundnar eru miklar vonir um framgang íþróttagreinarinnar á Íslandi á komandi árum.

Meistaraflokkur kvenna varð annað árið í röð deildar-, bikar og Íslandsmeistarar. Strandblaks ráð var stofnað inna blakdeildar HK



Golfklúbburinn Oddur



Aðalfundur Goklúbbssins Odds vegna starfsársins 2010 var haldinn í golfskála klúbbsins að Urriðavelli mánudaginn 31. nóvember 2010. Stjórn klúbbsins skipuðu Ingi Þór Hermannsson, formaður, Guðrún

Björg Egilsdóttir, varaformaður, Sigurjón Jónsson, gjaldkeri, Svavar Geir Svavarsson, ritari og Guðmundína Ragnarsdóttir, meðstjórnandi.

Veður lék við félagsmenn á árinu og Urriðavöllur hefur aldrei fyrir verið opinn jafn lengi inn á sum- arflatar, eða frá 7. maí – 18. október.

Á árinu var unnið að nýrri stefnumótun klúbbsins þar sem m.a. voru lagðar auknar áherslur á barna- og unglingastarf auk afrekstarfs. Nýtt þjálfarteymi kom klúbbum undir forystu Phill Hunter og Magnúsar Birgissonar.

Mótahald ársins var með hefðbundnu sniði og þátttaka góð. Sigurvegarar meistaramóts í karla- og kvennaflokki urðu Theodór Sölvi Blöndal og Guðrún Björg Egilsdóttir.

Auk hefðbundinna félagsstarfa fór mikil vinna í að ná utan um fjármál og móta framtíðarsýn um rekstur og starfsemi á Urriðavelli. Fyrir aðalfundinn voru lagðar tillögur um fullan aðskilnað á milli GO og GOF og jafnframt var samþykktur samningur um að GO taki völl og önnur mannvirki á leigu til næstu ára. Staða klúbbsins er því ólík flestum öðrum íþróttafélögum sem stunda starfsemi sína í mannvirkjum sem kostuð hafa verið að stærstu leyti af sveitafélögum og þurfa ekki að greiða fyrir aðstöðu til íþróttaiðkunnar félagsmanna sinna. GO bindur vonir til að Garðabær aðstoði félagið við að jafna þennan mun á næstu árum.



Hestamannafélagið Hörður



Félagslífið í hestamannafélaginu Herði blómstrar sem aldrey fyrr og er samheldnin mikil meðal félagsmanna. Allar nefndir eru vel mannaðar, starfa sem ein heild og vinna úr því sem til er í aðkreptu þjóðfélagi, Reiðveganefnd. Reiðvegafé var skorið niður um helming, Þetta þýðir að þetta árið verður reiðveganefnd að láta sér nægja að kortleggja, velja staðsetningu og forgangsraða áfangaskiptingu nýrra reiðvega þannig að við getum kynnt nýtt 5 ára plan fyrir bæjarstjórninni á vordögum. Við búum sem betur fer vel að því frábæra starfi sem reiðveganefndin hefur unnið í reiðvegamállum síðastliðin ár, en allir reiðvegir hér næst okkur eru í góðu standi og nýlagðir eða ný uppgerðir.

Ferðanefnd mun starfa með svipuðu sniði og í fyrra, Gustreið fellur þó út í ár, en rætt um að riða í Andvara og á nýtt svæði Gustara í framtíðinni. Einnig eru uppi hugmyndir um að sameina reiðir frá höfuðborgarsvæðinu til okkar þannig að þær verði fjölmennari.

Fræðslunefnd er að ljúka við að setja saman metnaðarfulla kennslu- og fræðsludagskrá.

Kvennadeildin mun starfa af mikklum myndarbrag að sérmálefnum kvenna sem og styðja við starfseminna í félagsheimilinu.

Kynbótanefndin ætlar sér stóra hluti í ár, en auk hinnar viðfrægu árlegu kynbótaferðar verða þeir með sýnikennslu í kynbótadómum og fleira á dagskránni í ár.

Mótanefndin verður með svipaða dagskrá og áður, en alvaran er meiri í ár þar sem nú er Landsmótsár. Landsmót verður haldið í Skagafyrðinum í ár og munum við Harðarfélagar mæta þar og gera góða hluti.

Æskulýðsnefndin mun vera með öflugt starf í vetur, bæði keppnistengt og á öðrum sviðum hestamennskunnar. Landsmótið mun að venju setja sinn svip á starfið og er stefnt að því að mæta með sterkt lið í Skagafjörðinn.

Beitarnefnd er að ljúka samningum við Mosfellsbæ um uppgræðslu á svokölluðum Sogum sem eru hér uppi á Mosfellsheiðinni rétt áður en komið er að Stardal. Þar verður hægt að losa hestatað í fram-

tíðinni og mun því verða rutt út jafn óðum til að mynda jarðveg sem síðan verður sáð í og landið notað sem framtíðar beitarland okkar.

Umhverfisnefndin sér um að halda umhverfinu snyrtilegu nú sem áður.

Fjáröflunarnefnd hefur verið rekin af miklum dug í erfiðu þjóðhagslegu umhverfi og hefur henni tekist að halda sjó, og gott betur. Nú eru komnir fastir samningar við nokkra stóra styrktaraðila sem tryggja okkur ákveðinn fjárhagslegan grunn fram í tímann.

Rekstrarnefnd reiðhallarinnar sér um daglegan rekstur reiðhallarinnar.

Nýjasta nefndin í félaginu er fræðslunefnd fatlaðra. Það er gamall ásetningur okkar Harðarmanna að koma hér upp aðstöðu og kennslu fyrir fatlaða. Gert var ráð fyrir þessu við byggingu reiðhallarinnar og er, með tilkomu hennar, öll umgjörðin til staðar. Eftir sem áður tókst okkur ekki að koma þessu af stað þar sem enginn fékst til að taka að sér slíka starfsemi. Þegar kom að því að taka stökkið þá lagði enginn í það þar sem fjárhagshliðin á slíku dæmi er vægast sagt hæpin. Við ákváðum því á haustdögum að byrja þetta sjálf á félagslegum grunni, nákvæmlega á sama hátt og annað nefndarstarf fer hér fram og stofuðum fræðslunefnd faltalaðra í Herði. Þeirri nefnd er ætlað að hrinda af stað kennslu og hjálfunarstarfi fyrir einstaklinga sem af einhverjum ástæðum geta ekki nálgast íþróttina innan þess ramma sem hefðbundnu námskeiðin mynda.



DÍK

DÍK Dansönninn byrjaði hjá DÍK (Dansíþróttafélagi Kópavogs) frá og með 5 janúar 2010 hjá keppnisörunum, fullorðinshóparnir þann 10. janúar og yngstu börnin þann 16 janúar. Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem DSÍ hélt árið 2010. Einnig tókum þau þátt á unglingslandsmóti sem haldið var í Borganesi, Lotto Open og Reykjavík International. Um Miðjan febrúar fóru 24 keppniskrakkar til Kaupmannahafnar og tóku þátt í Copenhagen Open. DÍK kom heim með tvenn gullverðlaun en árangur annarra para var einnig mjög góður. Í mars áttum við fulltrúa á heimsmeistaramótinu í ballroom dönsu sem haldið var í Moskvu í Rúss-

Úr sögu UMSK

11. Árið 1950 gengur Umf. Bessastadarhrepps í sambandið en það hafði verið starfandi um tíma án þess að vera í sambandinu. Árið 1952 er Ungmennafélagið í Kópavogi stofnað og nefnist það Breiðablik, sama ár gerðist það aðili að UMSK.

landi. Um vorið tók elsta par dansskólans þátt í stórrí keppni í Blackpool á Englandi og kepptu þau í flokki 21 árs og yngri og í flokki áhugamanna og gekk þeim mjög vel. Þau fóru einnig á heimsbikarmót í Canada og heimsmeistaramótið í New York og lentu þar í 47 sæti. Sá árangur þykir mjög góður enda er keppnin afar sterk og á hana komast aðeins tvö bestu pörin frá hverju landi. Í október fór stór hópur frá dansskólanum á 2 keppnir sem haldnar voru í London á Englandi.

Farið var í tvær æfingaferðir á árinu bæði með eldri og yngri keppnisörum og gekk það mjög vel í bæði skiptin.

Aðalfundur DÍK var haldin 3 júní 2010. Þar var ný stjórn var kosin: Ólöf Ásta Farestveit var kosin formaður og með henna í aðalstjórn voru kosnir, Ellen Dröfn Björnsdóttir – Edgar Konráð Gapunay, Raket Ýr Ísaksen og Thelma Magúsdóttir. Varamenn voru einnig kostnir og hlutu Grétar Þór Björgvinsson og Perla Rúnarsdóttir kostningu. Keppnisör dansskólans hafa verið mjög duglegir í fjáröflunum árið 2010, má þar nefna 17 júní sölutjald á Rútstúni, sala á matvælum, dósasöfnun, bingó og margt fleira.

Félagið tók þátt í Kópavogsdögum sem haldnir voru í september þar sem íþróttafélögin fengu að kynna sína starfsemi. Þar hélt DÍK upp stuðinu með dansi og leik.

Hanna Rún Óladóttir var kosin íþróttamaður Garðabæjar fyrir árangur sinn á mótum á árinu og má nefna að hún hefur unnið 14 sinnum íslandsmeistarátíla í gegnum tíðina eða á hverju ári síðan hún hóf keppni í samkvæmisdönsum. Björn Dagur og Dröfn fengu einnig viðurkenningu fyrir árangur sinn í dansi á árinu frá Kópavogsbæ.

DÍK vorum með 5. Þör í Landsliði DSÍ og stunduðu æfingar þar af kappi.

Stjórnarmenn DÍK fóru á 3 formannafundi sem haldnir voru á vegum DSÍ á árinu.

Einn stjórnarmaður hjá DÍK hefur verið í stjórn DSÍ seinustu 6 ár og er núna í aðalstjórn sem varaformaður. Það hefur verið mjög jákvætt fyrir félagið að hafa tengilið í stjórn til að fylgjast með hvað er að gerast hverju sinni.

Einnig erum við með tvo foreldra í mótanefnd DSÍ.

Þetta er brot af því sem sem stjórn DÍK hefur unnið að seinasta starfsári og hefur verið farið yfir helstu þætti starfseminnar. Starfið er margþætt og hefur það verið mög gefandi að fá að starfa með dansörum ungu og foreldrum þeirra.



Tennisfélag Kópavogs



Á síðasta aðalfundi TFK var Hafsteinn Dan Kristjánsson kosinn formaður. Auk hans eru í stjórninni Sigurlaug Sigurðardóttir, Soumia Islami,

Einar Óskarsson og Yousef Sheikh. Árið 2010 var gott fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglíngastarfið blómstrar og er það því að þakka að félagið hefur ráðið til sína marga nýja þjálfara á síðastliðnum árum sem hafa mikinn metnað. Nýja Tennishöllin sem opnaði að Dalsmára 13 20. maí 2007 hefur verið mikil lyftistöng fyrir tennisíþróttina og gengur starfið í heild vel. Góð aðsókn var að Tennisakademiunni og Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Arnar Sigurðsson TFK varð íslandsmeistari karla þrettánda árið í röð og Sandra Dís Kristjánsdóttir einnig úr Tennisfélagi Kópavogs varð íslandsmeistari kvenna. Ungir spilarar úr Tennisfélagi Kópavogs fóru í nokkrar keppnisferðir til útlanda á síðasta ári, m.a til Noregs og Frakklands og kepptu þeir á mótum á vegum TennisEurope. Tennisfélag Kópavogs hélt einnig Evrópumót í Júlí fyrir 14 ára og yngri í annað sinn þ.e Kópavogur Open og verður það haldið á þessu ári einnig. Einnig bætist við Evrópumót fyrir 16 ára og yngri sem haldið verður um páskana árið 2011. Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spílurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir. Allir eru velkomir í tennis. Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða www.tennishollin.is eða í síma 564 4030.





Siglingafélagið Ýmir



Mjög öflugt starf var hjá félaginu síðastliðið ár og hefur orðið algjör sprenging í iðkun eftir að félagið flutti í hina nýju glæsilegu aðstöðu. Félagið stóð frammi fyrir nýju vandamáli sem var að hafa ekki bátakost fyrir alla sem vildu mæta á æfingar hjá félaginu. Brugðist var við með því að festa kaup á nýjum tveggja manna báti auk þess sem gert var við nokkra af eldri bátum félagsins og þeir gerðir siglingahæfir.

Æfingar voru þrisvar í viku fyrir börn og unglinga og var æfingatímabilið maí til september. A hópurrinn hóf þó æfingar eitt hvað fyrir um vorið og æfðu lengur fram á haustið. Samhliða æfingum var boðið upp nokkur byrjendanámskeið auk þess sem eitt fullorðinsnámskeið var haldið.

Bryggja er komin framan við félagsaðstöðuna og er þar pláss fyrir átta skútur auk þess sem gæslubátar geta lagt þar að. Secret bátar félagsins lágu þar við bryggju auk báta sem eru í eigu félagsmanna. Við það að hafa skúturnar við bryggju á svæði félagsins varð umtalsverð aukning í notkun þeirra, báðir bátarnir voru í útleigu til félagsmanna nánast allt sumarið.

Félagar úr Ými tóku þátt í mótum á árinu og var besti árangur unglinga 2. sæti í B-flokki Optimist á Íslandsmótinu sem haldið var á Akureyri og í flokki fullorðinna var 3. sæti á Íslandsmóti Kjölbáta.

Félagið hélt fjögur mót á árinu, Opnunarmót kæna, Miðsumarmót kæna, Sumarmót kjölbáta og Lokamót kjölbáta. Öll þessi mót voru mjög vel heppnuð enda aðstaðan frábær og félagsmenn duglegir að leggja fram vinnu við mótahaldið.

Félagsaðstaða hefur verið opin flesta laugardaga nú í vetur, þá geta félagar komið saman og rætt mál-in yfir kaffibolla eða aðstoðað við viðhald báta. Þá er einnig hægt að skella sér á sjó ef til þess viðrar. Rafrænt fréttabréf hefur verið gefið út og voru 4 tölublöð á síðasta ári.

Fyrir hönd stjórnar Ýmis
Birgir Ari Hilmarsson
formaður



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Aðalfundur GKG var haldinn mánudaginn 29. Nóvember 2010 í golfskála GKG við Vífilstaðaveg. Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á árinu og var rekstrarafgangur í árslok rúmar 23 milljónir.

Mikið starf var unnið við betrum bætur og framkvæmdir á vellinum. Miklar lagfæringar voru gerðar á Leirdalsvelli við umhverfi 8, 9 og 12 flatar, fyrsti áfangi við malbikunstigakerfis alls um 400 metrar. Einnig voru teigar betrubættir og lokið við að setja vökvunarkerfi í alla teiga. Þar með er komið vökvunarkerfi í allar flatir og alla teiga.

Lóðaleigumál klúbbsins voru áfram í deiglu en GKG þarf að greiða lóðaleigu til ríkisspítala upp á tæpar fjórar milljónir. Samstarf við bæjarfélögin voru með ágætum en framtíðarverkefni klúbbsins er að finna golfskálanum framtíðarstaðsetningu.

Klúbburinn er í dag fullur og eru félagsmenn að nálgast 1.800. Yfir 250 unglingar 15 ára og yngri eru félagar í GKG en samkvæmt upplýsingum GSÍ er það mesti fjöldi unglinga í golfklúbba á Íslandi.

Afrekskyflingar GKG stóðu sig með sóma á árinu. Birgir Leifur Hafþórsson og Ingunn Gunnarsdóttir urðu klúbbmeistarar 2010. Birgir Leifur varð Íslandsmeistari bæði í högggleik og holukeppni og Sigmundur Einar varð í öðru sæti á Eimskipsmótaröðinni og þriðja sæti í högggleiknum ásamt 2. sæti á stigalista GSÍ og Guðjón Henning varð þriðji í holukeppninni. Sveit GKG varð í öðru sæti í 1. Deild kvenna í sveitakeppni GSÍ og karlasveitin varð í þriðja sæti 1. deildar. Þá má nefna öldungasveitirnar en báðar stóðu sig með miklum sóma, þar sem kvennasveitin varð í öðru sæti og ekki má gleyma frábærum árangri Maríu Guðnadóttur í hinum ýmsu mótum sumarsins.

Stjórn klúbbsins var endurkjörin á aðalfundinum, en hana skipa: Guðmundur Oddsson formaður, Jóns Snorri Snorrason varaformaður, Kristinn Jörundsson gjaldkeri, Símon Kristjánsson ritari, Gunnar Jónsson, Áslaug Sigurðardóttir, Berþóra Sigmundsdóttir. Varamenn voru kosnir þau Jónína Pálsdóttir, Gunnar Páll Þórisson og Heimir Guðjónsson.



Nesklúbburinn



